

Efnisyfirlit

Lykiltölur úr rekstri	3
Ávarp stjórnarformanns og forstjóra	4
VÍS árið 2014 - Tímalína	6
Stefnan okkar	8
Framkvæmdastjórn	12
Reksturinn	14
Afkoma váttryggingagreina	15
Fjárfestingar	16
Efnahagsumhverfið	17
VÍS í sátt við samfélagið	18
Forvarnir	20
Samstarfsaðilar	23
Samfélag	25
Mannauður	28
Umhverfi	32
Stjórnarhættir	35
Ársreikningur 2014	43
Skýrsla stjórnar og forstjóra	44
Áritun óháðs endurskoðanda	47
Rekstrarreikningur	48
Efnahagsreikningur	49
Eiginfjáryfirlit	50
Sjóðstreymisyfirlit	51
Skýringar	52
Orðskýringar	81

Lykiltölur úr rekstri

	2014	2013	2012	2011	2010
Bókfærð iðgjöld	16.108	16.074	16.105	15.480	14.986
Iðgjöld ársins	16.023	16.090	16.460	15.560	14.873
Fjárfestingatekjur af váttr.rekstri	1.186	1.176	1.112	924	1.135
Aðrar tekjur af váttryggingarekstri	163	155	132	116	98
Tjón ársins	-12.297	-12.667	-12.113	-12.772	-11.977
Rekstrarkostnaður	-3.419	-3.436	-3.550	-3.245	-2.912
Endurtryggingakostnaður	-425	362	-544	-488	-398
Hagnaður af váttryggingarekstri	1.232	1.679	1.497	95	819
Hagnaður (tap) af fjármálastarfsemi	721	876	2.185	524	-507
Skattar	-244	-402	-950	-208	-108
Hagnaður eftir skatta	1.710	2.154	2.732	411	204
Hagnaður af aflagðri starfsemi			293	-3	
Heildarafkoma	1.710	2.154	3.025	408	204
Eigið fé	15.956	16.624	14.470	11.584	11.146
Váttryggingaskuld	27.577	27.083	26.204	24.792	22.615
Aðrar skuldir	2.933	2.547	2.778	1.814	1.338
Eigið fé og skuldir samtals	46.466	46.254	43.452	38.190	35.099
Tjónahlutfall	76,7%	78,7%	73,6%	82,1%	80,5%
Eigið tjónahlutfall	78,6%	75,5%	75,6%	83,0%	80,3%
Kostnaðarhlutfall	21,4%	21,4%	21,6%	20,8%	19,6%
Endurtryggingakostnaðarhlutfall	2,6%	-2,3%	3,3%	3,1%	2,7%
Samsett hlutfall	100,7%	97,8%	98,5%	106,0%	102,8%
Fjárfestingatekjur og aðrar tekjur, hlutfall	7,4%	8,3%	7,6%	6,6%	8,3%
Rekstrarhlutfall	92,9%	90,4%	91,5%	99,4%	94,9%
Eigin tjónaskuld / Eigin iðgjöld	135,0%	132,2%	128,1%	125,7%	117,0%
Eiginfjár hlutfall	34,3%	35,9%	33,3%	30,3%	31,8%
Arðsemi eiginfjár	10,5%	13,9%	23,2%	3,6%	1,8%
Eigið fé samstæðu	15.956	16.624	14.470	11.584	11.146
Gjaldþol samstæðu	11.391	13.801	13.466	10.712	9.819
Lágmarksgjaldþol samstæðu	3.665	3.707	3.569	3.058	2.908
Gjaldþolshlutfall samstæðu	3,1	3,7	3,8	3,5	3,4
Gjaldþolshlutfall móðurfélags	4,0	4,8	4,9	3,8	3,8

Fjárhæðir í milljónum króna



Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri og
Friðrik Hallbjörn Karlsson stjórnarformaður

Ávarp stjórnarformanns og forstjóra

Tryggingafélög þjóna þýðingarmiklu hlutverki í samfélaginu og hafa miklum skyldum að gegna. Í samræmi við það að VÍS sé traust, leiðandi og framsækið þjónustufyrirtæki stefnum við ótrauð að því að skapa fyrirmyndar VÍS. Að því hefur markvisst verið unnið frá árinu 2012 þegar lagt var upp með þá stefnu að auka ánægju og tryggð viðskiptavina með einfaldleika að leiðarljósi. Þetta er meðal annars gert með nýjum áherslum, breyttu verklagi, innleiðingu nýrra kerfa og útvistun annarra eftir því sem best hentar skilvirkari rekstri, betri þjónustu og lægri kostnaði.

Afkoma og rekstur

Rekstur VÍS gekk vel á árinu. Hagnaður eftir skatta nam 1.710 milljónum króna og var arðsemi eigin fjár 10,5%. Segja má að árið hafi annars vegar einkennt af auknum tjónþunga, þá sér í lagi í eigna- og ökutækjatjónum og hins vegar af sveiflukenndri ávöxtun á skuldabréfa- og hlutabréfamarkaði. Markmið félagsins um að samsett hlutfall sé undir 100% náðist ekki heldur var það 100,7%. Stórum tjónum fjölgaði nokkuð en engu að síður má fagna því að afkoma allra váttryggingagreina var jákvæð. Áhersla félagsins á einföldun og aukna skilvirkni í rekstri leiddi af sér lækkun rekstrarkostnaðar á árinu.

Árið fór ekki vel af stað í fjárfestingastarfseminni þar sem bæði skuldabréfa- og hlutabréfamarkaðir hækkuðu lítið. Fjárfestinga-
tækifærum fjölgaði þó á árinu sem endurspeglast í fjölbreyttara eignasafni. Þegar yfir lauk var ársávöxtunin ágæt eða 7,1%. Lítil ávöxtun var af verðtrygðum skuldabréfum en afkoma óverð-
trygðra skuldabréfa var viðunandi. Hlutabréfamarkaðurinn tók

við sér þegar leið á árið og varð ávöxtun af hlutabréfaeign félagsins vel viðunandi.

Samkeppnisumhverfið var krefjandi líkt og endranær. Þar sem stöðnun eða lítilsháttar samdráttur var í iðgjöldum á skaða-
tryggingamarkaði en vöxtur á líftryggingamarkaði. Efnahags-
reikningur stækkaði lítið en félagið er sem fyrr stærst trygginga-
félaga á íslenska markaðnum. Það er fjárhagslega sterkt með
gjaltþolshlutfall 3,11 samkvæmt núgildandi löggjöf og 1,64 sam-
kvæmt komandi löggjöf. Sömuleiðis hefur félagið viðhaldið
góðum styrk í tjónaskuld. Í árslok 2014 nam staða tjónaskuldar
umfram varfærnislegt mat 3,6 ma.kr. að teknu tilliti til skatta en
þá stöðu má telja með gjaldþoli samkvæmt komandi löggjöf.

Straumlínulöguð stefna

Stefna VÍS er yfirfarin og betrubætt árlega og taka allir
starfsmenn þátt í því. Farið er yfir þann árangur sem hefur
náðst, breytingar í markaðsumhverfi fyrirtækisins og drög að
starfsáætlun fyrir komandi ár eru sett fram. Slagorð okkar *þar
sem tryggingar snúast um fólk* á að skila sér í starfseminni.
Með það að leiðarljósi viljum við ekki bara uppfylla væntingar
viðskiptavina heldur að fara fram úr þeim. Í því skyni hafa allir
snertifletir gagnvart viðskiptavinum verið kortlagðir og kannað
hversu miklu máli hver og einn skiptir. Þannig getum við brugðist
við samkvæmt því hvaða væntingar viðskiptavinir hafa til okkar,
hvað má betur fara og hvar brýnast er að bæta úr. Markmið
okkar er að vera með ánægðustu og tryggustu viðskiptavinum á
tryggingamarkaði.

Undanfarin tvö ár hefur verið unnið að innleiðingu LEAN menningar eða straumlínustjórnunar eins og heitinu hefur verið snarað á íslensku. Með LEAN er leitað leiða í daglegum störfum til stöðugra umbóta í rekstri og vilja til að gera sífellt betur. Á árinu lauk innleiðingu í þremur deildum og nú er unnið að innleiðingu í öðrum þremur. Ávinningur þess mældist strax og var í samræmi við markmið. Við ætlum að vera í fararbroddi í rafrænni þjónustu og gerum ráð fyrir að viðskiptavinum fjölgi hratt sem kjósa að afgreiða sig sjálfir eftir því sem þeim er fært. VÍS var fyrsta tryggingafélagið til að taka rafræn skilríki í notkun og á árinu 2015 fer nýr vefur í loftið sem styður framrásina á þessu sviði. Við þetta má bæta að einkunn VÍS í Íslensku ánægjuvuginni hækkar nokkuð á milli ára. Það gefur vísbendingu um að við séum á réttri leið.

Fjárfest til framtíðar

Á árinu var afráðið að fjárfesta í nýju stöðluðu tryggingakerfi frá danska hugbúnaðarfyrirtækinu TIA Technology. Lausnir þess hafa sýnt og sannað gildi sitt hjá yfir 100.000 notendum í meira en 60 löndum. Með TIA eykst skilvirkni í starfseminni og er fyrirhugað að taka kerfið í notkun eftir mitt ár 2015. Þjónustan verður sjálfvirkari og öll afgreiðsla hraðari og betri sem væntanlega leiðir til meiri ánægju viðskiptavina. Við bindum miklar vonir við þetta kerfi og að með stöðluðum lausnum og útvistun tækni- og notendabjónustu takist að lækka kostnað hjá félaginu.

Mikil vinna hefur verið lögð í að áhættumat endurspegli rétt verð á þjónustu okkar og vörum. Þetta starf ýtir einnig undir vörubrúun í samræmi við óskir markaðarins. Samhliða nýju tryggingakerfi frá TIA sem tekið verður í notkun árið 2015 verður nýtt líkan við verðlagningu innleitt. Það tekur m.a. mið af fleiri áhættuþáttum en hingað til hefur verið gert.

Ný löggjöf – Solvency II

Félagið vinnur að innleiðingu á væntanlegri löggjöf um vátryggingafélög, Solvency II, sem taka á gildi frá og með 1. janúar 2016. Löggjöfin felur meðal annars í sér að gerðar eru ríkari kröfur til áhættustýringar og stjórnkerfis tryggingafélaga, umtalsverða breytingu á því hvernig áhætta í starfsemi vátryggingafélaga er mæld og hvernig gjaldþol og gjaldþolskrafa eru ákvörðuð. Við tökum löggjöfinni fagnandi enda felur hún í sér tækifæri til að bæta áhættumat og rekstur félagsins enn frekar.

Samhliða innleiðingu á Solvency II er unnið að því að setja félaginu ný markmið um gjaldþolskröfu, gjaldþol og arðgreiðslustefnu. Niðurstöður þeirrar vinnu verða kynntar þegar henni er lokið og allar nauðsynlegar upplýsingar um nýja löggjöf liggja fyrir.

Traustir innviðir

Við erum stolt af því að VÍS fékk fyrst tryggingafélaga viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum frá Rannsóknarmiðstöð í stjórnarháttum við Háskóla Íslands. Með henni eru gæði stjórnarháttar félagsins staðfest árlega af óháðum utanaðkomandi aðilum. Nýverið var viðurkenningin endurnýjuð. Unnið er í samræmi við þetta með það að markmiði að auka trúverðugleika og gagnsæi gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum. Stjórnarháttayfirlýsingu félagsins í heild sinni getur að líta á undan ársreikningi aftast í ársskýrslunni.

Nýtt skipurit tók gildi hjá VÍS í febrúar 2014 sem gefið hefur

góða raun. Með því var komið á skýrari verkaskiptingu innan framkvæmdastjórnar og skerpt á ábyrgð einstakra sviða. Í samræmi við markmið um einföldun og skilvirkni hefur stöðugildum hjá VÍS fækkað um 17% undanfarin fjögur ár eða úr 234 árið 2011 í 195 nú. Fækkunin kemur að mestu til af því að ekki er ráðið í stað þeirra sem hætta. Við státum af samheldnu, ánægðu, metnaðarfullu og stoltu starfsfólki sem er grunnurinn að rekstri öflugss fyrirtækis. Hópurinn hefur lagt ríkulega af mörkum í krefjandi verkefnum á árinu. Þar má t.d. nefna sérstaklega innleiðingu LEAN og vinnu við TIA. Á heildina litið er kynjahlutfall nokkuð jafnt. Í framkvæmdastjórn eru þrjár konur af sjö og 40% deildarstjóra eru konur og 60% stjórnarmanna eru konur.

VÍS tekur samfélagsábyrgð sína alvarlega. Með aðild að Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð sem gengið var frá á árinu, er þetta rækilega undirstrikað. Það sýnir sig í öllu okkar starfi og er tíundað nánar aftar í ársskýrslunni.

Fjárhagslegur styrkur

Markaðsvirði VÍS í lok árs nam 22.652 milljónum króna og voru hluthafar um 1.100. Klakki ehf. sem var stærsti einstaki hluthafinn í VÍS um árabíl seldi allan sinn hlut í tvennum viðskiptum í október, alls ríflega 30% hlutafjár.

Á aðalfundi í mars 2014 var tekin ákvörðun um að greiða hluthöfum arð sem nam um 0,73 krónum á hlut eða alls um 1.831 milljón króna. Þetta var gert í samræmi við arðgreiðslustefnu félagsins. Stjórn félagsins lítur einnig á endurkaup hlutafjár sem góða leið til að koma fjármunum til hluthafa. Á árinu var endurkaupaáætlun hlutafjár hleypt af stokkunum. Í árslok höfðu 64 milljónir hluta verið keyptar fyrir um 547 milljónir króna. Félagið átti þannig um 2,6% hlut í sjálfu sér í árslok 2014.

Tillaga verður lögð fyrir aðalfund um að heildarhlutafé félagsins verði lækkað um sem nemur fjárhæð endurkaupa í árslok. Kaupum á eigin bréfum hefur verið haldið áfram á árinu 2015 og lýkur samkvæmt endurkaupaáætlun stjórnar í síðasta lagi á aðalfundardegi. Stjórn félagsins leggur jafnframt til að hluthöfum verði greiddur arður sem nemur um 2.500 m.kr. fyrir árið 2014 eða 1,03 á hlut.

Þann 27. febrúar 2014 náðu VÍS og SPRON samkomulagi um niðurfellingu dómsmáls sem slitastjórn SPRON höfðaði gegn félaginu og upplýst er um í skýringu nr. 28 í ársreikningi. Með samkomulaginu fallast samningsaðilar á að þeir eigi engar frekari kröfur á hendur hvor öðrum hverju nafni sem þær kunna að nefnast. Enginn kostnaður fellur á VÍS vegna samkomulagsins fyrir utan eign málskostnað. Í framhaldi af niðurfellingu málsins leysti VÍS Klakka undan loforði sínu og bankaábyrgð í tengslum við skaðleysi VÍS af málinu.

Ársskýrslan sem hér er fylgt úr hlaði gefur góða mynd af starfsemi VÍS árið 2014. Hún endurspeglar styrk félagsins, fjölbreytta starfsemi og fyrir hvað við stöndum. Haldið verður áfram á sömu braut með áherslu á einföldun og skilvirkni til að auka trygð og ánægju viðskiptavina. Það skilar sér í betri rekstri viðskiptavinum, starfsfólki og hluthöfum til hagsbóta og gerir VÍS að enn álitlegri fjárfestingakosti. Þar hafa starfsmenn og stjórn félagsins lagt ríkulega af mörkum og færum við þeim bestu þakki fyrir framúrskarandi störf.

VÍS árið 2014



Forvarnaráðstefna

VÍS og Vinnueftirlitið hafa um árabíl efnt til forvarnaráðstefnu um öryggismál á vinnumarkaði. Hún er fjölsóttasti viðburður sinnar tegundar á landinu.



VÍS mót Þróttar

Um 2.000 börn reyndu með sér á árlegu VÍS móti Þróttar í knattspyrnu í Laugardalnum í Reykjavík.



Landsmót hestamanna

Vel heppnuð aðstaða VÍS naut feykilegra vinsælda jafnt ungra sem aldinna. Þar voru dýratryggingar kynntar ásamt því að bjóða rjúkandi kaffi sem yljaði blautum og köldum gestum mjög framan af móti.

Janúar

Febrúar

Mars

Apríl

Maí

Júní



Meistaradeildin í hestaíþróttum

VÍS hefur verið bakhjarl Meistaradeildarinnar undanfarin níu ár.

Ég lofa

Umferðaröryggi var sett á oddinn í vor líkt og í fyrra undir yfirskriftinni **Ég lofa**. Þátttakendur lofa að bæta eitthvað í fari sínu í umferðinni og stuðla með því að auknu öryggi.



Golfmót VÍS

Um 100 kylfingar tóku þátt í golfmóti VÍS sem fram fór í rysjóttu veðri á Grafarholtsvelli í Reykjavík.



Flotgallar

Slysavarnaskóli sjómanna fékk 10 björgunargalla að gjöf. Skólinn hefur fengið 50 galla frá VÍS á undanförunum árum.



Gjöf til mæðrastyrksnefndar

Umhyggja er eitt af leiðarljósum VÍS og birtist m.a. í jólamánuðinum þegar Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur var færð ein milljón króna að gjöf.

Fjármálaráðst. sveitarfélaga

Venju samkvæmt stóðu starfsmenn VÍS vaktina og kynntu starfsemi fyrirtækisins á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga.

Júlí

Ágúst

September

Október

Nóvember

Desember



Sjávarútvegssýningin

VÍS tefldi fram verðlaunabás á sýningunni þar sem starfsmenn gátu í góðu tómi sinnt gestum með hvers kyns ráðgjöf og leiðbeiningar.



Skínandi skemmtilegar húfur

Fjórdi árið í röð bauðst viðskiptavinum með F plús tryggingu að næla sér í litríkt höfuðfat. Að þessu sinni var bryddað upp á nýjung með skínandi eyrnaböndum ásamt húfum.



Rafræn skilríki

VÍS er fyrst tryggingafélagi á Íslandi til að bjóða viðskiptavinum að nota rafræn skilríki í síma. Með þeim eykst bæði öryggi í öllum samskiptum og hraði þjónustunnar.

Stefnan okkar

VÍS hefur frá árinu 2012 unnið í samræmi við stefnu þar sem framtíðarsýnin er: Ánægja og tryggð viðskiptavina með einfaldleika að leiðarljósi. Áherslan á einföldun nær til allra þátta starfseminnar s.s. verklags, kerfa, samskipta og skipulags. Leitað er leiða í daglegum störfum til að bæta stöðugt um betur. Einföldun leiðir til skilvirkari reksturs, lægri kostnaðar og betri þjónustu


Stefnuhringur VÍS

Stefna VÍS er endurskoðuð árlega með þátttöku alls starfsfólks fyrirtækisins. Á hverju hausti er efnt til vinnufunda framkvæmdastjórnar og stjórnenda. Þar er farið yfir þann árangur sem hefur náðst og breytingar í markaðsumhverfi fyrirtækisins. Drög að starfsáætlun fyrir komandi ár eru sett fram. Forstjóri heldur í framhaldinu fundi með smærri hópum starfsmanna þar sem farið er yfir starfsáætlun og hugmyndir og tillögur um það sem betur má fara. Allar athugasemdir starfsmanna eru skráðar niður og afgreiddar með formlegum hætti. Endurskoðuð stefna og starfsáætlun er síðan sett fram, samþykkt af stjórn og kynnt á starfsmannafundi í byrjun nýs árs. Allir fá þá afhentan bækling þar sem stefna og starfsáætlun eru aðgengilegar.

Meira en níu af hverjum tíu starfsmönnum eru ánægðir með þetta ferli samkvæmt könnun.

Til að innleiða stefnu og starfsáætlun eru skilgreind stefnumið, lykilverkefni og lykilmælikvarðar. Lykilmælikvarðar eru ýmist mældir ársfjórðungslega eða mánaðarlega og þeir rýndir í það minnsta mánaðarlega. Þannig eru allir meðvitaðir um hvernig innleiðingu stefnunnar miðar.

Á árinu var stefnuhringur VÍS kynntur í fyrsta sinn. Þar eru hlutverk, gildi og stefna VÍS sett fram með myndrænum hætti.





Stefnumið

Innleiðingu á stefnu VÍS er brotin niður í stefnumið. Stefnumið er stefnumarkandi markmið eða áherslur sem eru skilgreind til 3-5 ára. Þar er framtíðarsýn fyrir hvert stefnumið, aðgerðaáætlun og megináfangar.

VÍS hefur skilgreint fjögur stefnumið: (i) LEAN menning, (ii) Rafræn þjónusta, (iii) Gagnagreind og (iv) Framúrskarandi þjónusta.

LEAN menning

Fyrirtækjamenning styður við framúrskarandi árangur

VÍS fjárfesti áfram í LEAN á árinu. Langtíma markmiðið er að byggja upp menningu sem grundvallast á stöðugum umbótum og vilja til að gera sífellt betur. Með markvissum og skipulögðum hætti verður farið í gegnum fyrirtækið og verklag, kerfi, samskipti og skipulag einfaldað. Búið er að byggja upp teymi sem hefur straumlínustjórnun sem meginverkefni og hefur hlotið nauðsynlega þjálfun.

Framtíðarsýn LEAN menningar

LEAN menning er grunnur að menningu VÍS. VÍS er ferlamiðað fyrir tæki þar sem ábyrgð og hlutverk eru skýr og ferlar eru hannaðir út frá virði fyrir viðskiptavini. Við kappkostum að sjá tækifæri til stöðugra umbóta og tókum breytingum fagnandi. Allar breytingar fela í sér markmið um að auka ánægju og tryggð viðskiptavinarins og auka skilvirkni.

Við vinnum eftir stöðluðu verklagi og viðskiptavinir VÍS fá rétt og skýr skilaboð um þá þjónustu sem við veitum. Ákvarðanir byggja á gögnum og sýnileg stjórnun viðhöfð til eftirfylgni og árangurs.

Á árinu var lokið við innleiðingu á LEAN í þremur deildum fyrirtækisins. Ávinningur af verkefnunum var mælanlegur og í samræmi

við upphafs markmið. Verklagi var breytt og daglegum fundum starfsmanna komið á þar sem farið var yfir skipulag verkefna og árangursmælingar. Í lok innleiðingar nýttu deildarstjórar sér aðferðafræðina áfram til að bæta þjónustu, auka skilvirkni og festa þannig í sessi menningu sem byggir á stöðugum umbótum.

Rafræn þjónusta

VÍS er í fararbroddi í rafrænni þjónustu

Sífelld fleiri viðskiptavinir vilja nýta sér rafræna þjónustu og sjálfs-afgreiðslu. Stjórnendur VÍS telja að hlutfall þeirra muni vaxa mjög hratt á næstu 2-3 árum. Það gerðist í bankageiranum og hefur haft mikil áhrif á hvernig þjónusta er veitt þar.

VÍS statar af viðtækasta þjónustuneti allra tryggingafélaganna með á fjórða tug þjónustuskrifstofa um allt land. Það felast mikil tækifæri í að útvíkka þjónustunetið með rafrænum hætti viðskiptavinum til hagsbóta.

Framtíðarsýn rafrænnar þjónustu

Rafræn þjónusta er aðgengileg viðskiptavinum á einfaldan og skýran hátt og sniðin að þörfum hvers og eins. Viðskiptavinir VÍS fá hagstæðari kjör með því að nýta sér rafrænar lausnir.

Sérstæða VÍS er að hafa frumkvæði að rafrænum samskiptum við viðskiptavini með það að markmiði að yfirfara vernd hvers og eins og bæta þjónustu. VÍS stuðlar þannig að aukinni ánægju og tryggð viðskiptavina.

Á árinu bauð VÍS, fyrst íslenskra tryggingafélaga, viðskiptavinum að nota rafræn skilríki til innskráningar á þjónustuvef félagsins, Mitt VÍS. Rafræn skilríki skapa mörg tækifæri til að nýta rafræna þjónustu enn frekar og gera hana aðgengilega fyrir viðskiptavini. Þá hóf VÍS að taka á móti rafrænum reikningum frá birgjum sínum.

Gagnagreind

Áhættumat og virðisgreining undirstaða ákvörðunartöku

Starfsemi váttryggingafélaga byggir á öflugri og skilvirkri vinnslu gagna. Grundvöllur réttar verðlagningar er áreiðanlegt áhættumat sem byggir á sögulegum gögnum. Forsenda einstaklingsmiðaðrar þjónustu er að geta greint viðskiptavinum og þarfir þeirra.

Framtíðarsýn gagnagreindar

Litið er á gögn félagsins sem eina verðmætustu eign þess. Stefna um gagnagreind er að starfsmenn hafi aðgang að viðeigandi upplýsingum til að taka réttar ákvarðanir um verðlagningu rekstur félagsins og standa skil á gögnum til eftirlitsaðila.

Á árinu var vörðhús gagna að fullu gangsett og stjórnendur fengu aðgang að greiningum sinna sviða. Sett var af stað verkefni sem miðar að því að endurskoða og einfalda verðlagningu váttrygginga.

Framúrskarandi þjónusta

Fremst í þjónustu

Viðskiptavinir eru upplýstari og kröfuharðari en áður og vilja einstaklingsmiðaða þjónustu sem skiptir máli fyrir viðkomandi. Veita þarf framúrskarandi þjónustu á öllum þjónusturásnum félagsins og að viðskiptavinir upplifi að: Tryggingar snúast um fólk. Framúrskarandi þjónusta gengur ekki út á að uppfylla væntingar viðskiptavina heldur að fara fram úr væntingunum.

Verið er að vinna að framtíðarsýn fyrir framúrskarandi þjónustu og stigin hafa vera stór skref í þá átt á árinu.

Ráðist var í umfangsmikla rannsókn á einstaklingsmarkaði til að sjá betur hvernig viðskiptavinir VÍS upplifa þjónustu félagsins og hvað skiptir þá máli. Verkefnið fólst m.a. í því að kortleggja alla helstu snertifleti við viðskiptavinum VÍS og mæla hverjir þeirra skipta miklu máli og hverjir minna. Þannig er tryggt að fjárfest sé í réttum snertiflötum.

Til að einfalda aðgengi viðskiptavina að þjónustu VÍS voru þjónustuver og Reykjavíkumæmi sameinuð í nýja deild; einstaklingsþjónustu. Þetta endurspeglar aukna áherslu á viðskiptavinum óháð staðsetningu eða landsvæðum.

Ýmis önnur verkefni voru sett af stað til að bæta þjónustuna. Lykilmælikvarðar endurspeglar að þjónustustig fer hækkandi. Til að mynda hækkaði einkunn VÍS í Íslensku ánægjuvuginni.

Lykilverkefni

Til viðbótar við ofangreind stefnumið var unnið að nokkrum lykilverkefnum.

Innleiðing á Solvency II

Solvency II er löggjöf um váttryggingafélög sem taka á gildi 1. janúar 2016 á evrópska efnahagssvæðinu. Í hnotskurn má segja að Solvency II gangi út á auknar kröfur til gjaldþols og áhættustýringar váttryggingafélaga með það að markmiði að auka vernd váttryggingartaka. Löggjöfin felur í sér margvísleg tækifæri til að bæta áhættumat og rekstur félagsins enn frekar.

Innleiðing hófst á helstu stefnum um þau málefni sem varða löggjöfina. Hafið er innleiðing á samræmdu og skilvirku stjórnkerfi innra eftirlits sem er lykilþáttur í réttu upplýsingaflæði til áhættustýringar félagsins. Þá voru teknar lykilákvæðanir sem tryggja að upplýsingakerfi félagsins verði í stakk búin til að uppfylla kröfur um skýrsluskil til FME.

Innleiðing er á áætlan. Ferlið verður áfram krefjandi, ekki síst í ljósi þess að ríkt hefur óvissa um endanlega reglugerð.

Innleiðing á nýju upplýsingakerfi

Á árinu var farið í forgreiningu í samstarfi við TIA Technology A/S, sem er leiðandi hugbúnaðarfyrtæki fyrir tryggingafyrirtæki í Evrópu. Metin voru áhrif og ávinningur af því að endurnýja kjarnaupplýsingakerfi VÍS. Í kjölfar greiningarinnar var gengið til samninga við TIA um kaup á nýrri lausn. Innleiðing er hafin og gengur vel. Stefnt er að taka kerfið í notkun eftir mitt ár 2015.

Með samningi við TIA var stigið næsta skref í framþróun, einföldun og nýtingu upplýsingatækni í starfsemi VÍS. Á árinu 2013 var tækni- og notendabjónusta útvistuð. Nú er horfið frá því að þróa eigin upplýsingakerfi. Þess í stað verði notaðar staðlaðar lausnir sem þekkjast hjá fjölda annarra tryggingafyrirtækja.

Með útvistun og stöðluðum lausnum verður kostnaður við upplýsingatækni gegnsærri. Væntingar standa einnig til að hann lækki.

TIA Technology A/S er danskt hugbúnaðarfyrtæki og eru lausnir þess notaðar af fleiri en 100.000 notendum í 60 löndum.

Lykilmælikvarðar

Til að fylgja eftir innleiðingu á stefnu hefur VÍS skilgreint 16 lykilmælikvarða sem eru uppfærðir að minnsta kosti mánaðarlega. Mælikvarðarnir eru ekki eiginlegir rekstrar- eða fjárhagsmælikvarðar. Þeir eru starfsfólki til leiðbeiningar um hvaða verkefni eða hvaða hegðun sé líkleg til að styðja við stefnu og framtíðarsýn félagsins og gefa vísbendingar um hvort árangur sé að nást.

Með þessu hefur VÍS innleitt heilstætt kerfi varðandi mótun og framkvæmd stefnu sinnar og framtíðarsýn.



MITT/VÍS

Þjónustuskrifstofan þín á netinu



Það er bæði einfalt og þægilegt að nota Mitt VÍS.

Á Mitt VÍS getur þú m.a.:

- ➔ Skoðað tryggingavernd
- ➔ Fengið iðgjaldaupplýsingar
- ➔ Tilkynnt tjón
- ➔ Skoðað greiðslustöðu
- ➔ Fengið staðfestingu ferðatryggingar

Starfsfólk VÍS aðstoðar þig með ánægju og svarar þeim spurningum sem upp kunna að koma.

www.mitt.vis.is



Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð forstjóra ásamt framkvæmdastjórum sem hver ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart forstjóra.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir er forstjóri VÍS



Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS er fædd 1963. Cand. Oecon frá Háskóla Íslands árið 1987, löggiltur endurskoðandi árið 1990. MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2007. Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga: Múlaberg ehf. (stjórnarmaður), Viðskiptaráð Íslands (varaformaður), Samtök fjármálafyrirtækja (meðstjórnandi), Samtök atvinnulífsins (meðstjórnandi), Menntasjóður Viðskiptaráðs Íslands ses. (varaformaður).

Forstjóri VÍS og Lífis frá september 2011. Hún var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandsbanka frá 2010, framkvæmdastjóri Fjármála og reksturs hjá Íslandsbanka frá stofnun hans í október 2008, forstöðumaður fjárhagssviðs Glitis banka frá 2007, endurskoðandi hjá Deloitte og forverum þess frá 1986 og meðeigandi frá 1992 til 2007.


Agnar Óskarsson er framkvæmdastjóri tjónasviðs



Agnar er fæddur 1963. BA próf frá Háskóla Íslands í félags- og fjölmiðlafræði árið 1987. MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2008. Á ekki sæti í stjórnnum félaga.

Framkvæmdastjóri tjónasviðs VÍS hf. frá 2008, framkvæmdastjóri váttryggingaþjónustu frá 2006. Agnar hóf störf hjá VÍS árið 1990 þá við bíla- og eignatryggingar. Var deildarstjóri sjótrygginga, fyrirtækjaþjónustu og stofnstýringar. Áður en hann hóf störf hjá VÍS starfaði hann við blaðamennsku frá 1987.

Anna Rós Ívarsdóttir er framkvæmdastjóri mannauðssviðs



Anna Rós er fædd 1977. B.A í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 2001. Á ekki sæti í stjórnnum félaga.

Framkvæmdastjóri mannauðssviðs VÍS hf. frá 2006. Anna Rós hóf störf hjá VÍS 1999 fyrst við sölu- og þjónustustörf en síðan á starfsmannasviði sem sérfræðingur 2001 – 2005 og árin 2005 og 2006 sem forstöðumaður almannatengsla og aðstoðarmaður forstjóra.

Auður Björk Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs



Auður Björk er fædd 1966. Fjölmiðla- og markaðsfræði frá University of South Alabama 1993, MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2002. Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga: Jata eignarhaldsfélag ehf. (meðstjórnandi), Bresk-íslenska viðskiptaráðið (stjórnarmaður).

Framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs VÍS frá 2014, framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs VÍS frá 2005, deildastjóri kynningardeildar Olíufélagsins ehf. frá 2002, markaðsstjóri Frjálsrar fjölmiðlunar frá 1998, kynningafulltrúi Eimskip frá 1994.

Friðrik Bragason er framkvæmdastjóri einstaklingssviðs



Friðrik er fæddur 1968. M.S í bygginga- og brunaverkfræði frá Háskólanum í Lundi árið 1994. Á ekki sæti í stjórnnum félaga.

Framkvæmdastjóri einstaklingssviðs VÍS 2014, framkvæmdastjóri váttryggingasviðs VÍS hf. frá 2008, sérfræðingur hjá VÍS frá 2006, Inpro 2006, Tryggingamiðstöðin 1995-2006, ýmis sérfræðistörf hjá Slökkviliði Reykjavíkur 1994-1995.



Guðmar Guðmundsson er framkvæmdastjóri fjármálasviðs



Guðmar er fæddur 1968. Cand. Oecon. frá Háskóla Íslands 1993. Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga: Bond Private Insurance Holding ehf. (stjórnarmaður), Koðrán ehf. (varamaður).

Framkvæmdastjóri Fjármálasviðs VÍS hf. frá 2010, framkvæmdastjóri fjármála hjá Nýherja frá 2008, fjármálastjóri hjá TM Software frá 1999.

Þorvaldur Jacobsen er framkvæmdastjóri þróunarsviðs




Þorvaldur er fæddur 1963. M.S. í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands 1987, B.Sc. í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands 1988, MSEE frá The University of Texas at Austin 1990. Seta í stjórn félags: Sensa ehf. (stjórnarmaður).


Framkvæmdastjóri Þróunarsviðs VÍS frá 2012. Framkvæmdastjóri hjá Nýherja og dótturfyrirtækjum frá 2001. Framkvæmdastjóri Vísir.is ehf. frá 1999. Sölustjóri hjá Teymi hf. frá 1996. Sölustjóri hjá Opnum kerfum hf. frá 1990.

Reksturinn


Samsett hlutfall




Framlegð váttryggingareksturs



Þróun heildareigna



Þróun eigin fjár



Starfsemi VÍS byggir á tveimur grunnstoðum, váttryggingastarfsemi og fjárfestingastarfsemi. Árið 2014 var í fyrsta skipti í nokkuð mörg ár hagnaður af rekstri allra váttryggingagreina hjá félaginu. Engu að síður fór tjónþungi vaxandi, sér í lagi í eignatryggingum og ökutækjatryggingum. Það hafði þau áhrif að samsett hlutfall endaði í 100,7%, sem er ekki samræmi við markmið félagsins um að það sé undir 100%. Fjárfestingastarfsemin gekk vel. Vegna lækkandi verðbólgu var ávöxtun verðtryggðra skuldabréfa fremur lítil en ágæt afkoma var af óverðtryggðum bréfum sem og af hlutabréfaeign félagsins.

Iðgjöld ársins námu 16.023 milljónum króna og lækkuðu um 67 milljónir frá fyrra ári sem svarar til 0,4%. Iðgjöldin lækkuðu nokkuð skarpt í upphafi ársins en uxu síðan nokkuð stöðugt eftir því sem leið á árið. Félagið hefur undanfarin misseri lagt meiri áherslu á að verðleggja váttryggingavernd sína í samræmi við áhættu í stað áherslu á vöxt iðgjalda. Nú þegar betur horfir í efnahagsumhverfinu er búist við að samdrætti í iðgjöldum sé lokið og þau fari að vaxa á ný.

Tjón ársins námu 12.297 milljónum króna og lækkuðu um 370 milljónir króna eða 2,9% frá fyrra ári. Vegna stórs tjóns sem tilkynnt var á fjórða ársfjórðungi 2013 gefur þessi samanburður ekki rétta mynd af tjónþróun ársins. Eigin tjón voru 12.119 milljónir króna miðað við 11.663 milljónir króna árið áður. Nemur hækkun tjóna í eigin reikning því 456 milljónum króna eða 3,9%.

Framlegð af váttryggingarekstri nam 46 milljónum króna en var 503 milljónir árið áður.

Rekstrarkostnaður án virðisrýrnunar nam 3.919 milljónum króna og lækkaði úr 3.934 milljónum króna frá fyrra ári eða um 15 milljónir króna sem svarar til 0,4%. Vísitala neysluverðs hækkaði á sama tíma um 2,04% og launavísitala um 5,8%. Meðal rekstrarkostnaður er færður fjársýsluskattur sem lagður er á launakostnað félagsins, upp á 97 milljónir króna. Á árinu var unnið að hagræðingu í rekstrinum og fækkaði starfsmönnum nokkuð. Meðalfjöldi stöðugilda var 195 á árinu en var 210 árið áður. Virðisrýrnun viðskiptakrafna lækkaði úr 78 milljónum króna árið 2013 í 28 milljónir króna árið 2014.

Tekjur af fjárfestingastarfsemi félagsins voru 2.439 milljónir króna sem er heldur minna en árið áður þegar þær voru 2.631 milljónir. Aðstæður á markaði voru nokkuð krefjandi og þá sérstaklega framan af ári. Ört lækkandi verðbólga og háir stýrivextir höfðu þau áhrif að ávöxtun verðtryggðra skuldabréfa var slök. Ágæt afkoma var hins vegar af óverðtryggðum skuldabréfum. Alls nam ávöxtun eignasafns félagsins 7,1% árið 2014.

Hagnaður ársins af váttryggingastarfsemi var 1.232 milljónir króna og lækkaði úr 1.679 milljónum króna frá fyrra ári. Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt nam 1.954 milljónum króna samanborið við 2.556 milljónir króna árið áður. Tekjuskattur nam 244 milljónum króna en var 402 milljónir króna árið 2013. Tekjuskattshlutfall var 12,5% fyrir árið 2014 en 15,7% árið 2013. Helsta skýring á lægra skattshlutfalli er hagnaður af hlutabréfum í eignasafni félagsins sem skipa stærri sess í safninu en áður.

Efnahagur

Fjárfestingaeignir námu 34.658 milljónum króna í árslok 2014 en í árslok 2013 námu þær 36.581 milljón króna. Eignir fé var 15.956 milljónir og var eiginfjárhlutfall 34,3% samanborið við 35,9% í árslok 2013. Skuldir voru 30.510 milljónir króna í árslok en voru 29.630 milljónir króna í árslok 2013. Váttryggingaskuld er stærsta skuldin í efnahagsreikningi og nam hún í árslok 27.577 milljónum króna. Eignir sem nýta má á móti váttryggingaskuldinni námu hins vegar 39.016 milljónum króna eða 11.439 milljónum króna umfram váttryggingaskuldina. Á árinu var talsvert fjárfest í innviðum félagsins. Ber þar helst að nefna að unnið er að innleiðingu nýs trygginga- og tjónakerfis og nemur eignfærsla á árinu 2014 1,1 milljarði króna.

Félagið greiddi hluthöfum sínum arð að fjárhæð 1.831 milljón króna á árinu og keypti auk þess eigin hluti að nafnverði 64 milljónir að kaupverði 547 milljónir króna

Afkoma váttryggingagreina

Iðgjöld af ökutækjatrýggingum nema um 45% af iðgjöldum félagsins og skipta því miklu máli. Bílafloti landsins hefur elst síðustu ár þar sem innflutningur hefur dregist mikið saman. Vísbendingar eru um að þetta sé að breytast því nýskráðum bílum fjölgaði talsvert frá fyrra ári. Þá voru nýskráningar um 7.300 en voru nær 12.000 árið 2014.

Iðgjöld lögboðinna ökutækjatrýgginga námu 5.082 milljónum króna en voru 5.057 milljónir króna árið 2013. Iðgjöldin hækkuðu því um 25 milljónir króna á milli ára eða um 0,5%. Hagnaður nam 87 milljónum króna og dróst saman úr 408 milljónum króna frá árinu áður. Afkoman er alls ekki viðunandi. Tjónum hefur fjölgað talsvert og stór tjón eru líka meira áberandi í greininni frá því sem áður var.

Iðgjöld frjálsra ökutækjatrýgginga námu 2.200 milljónum króna og hækkuðu lítillega frá fyrra ári eins og lögboðinna ökutækjatrýgginga. Iðgjöldin voru 2.197 milljónir árið 2013 og hækkuðu því um 3 milljónir króna. Hagnaður dróst verulega saman frá árinu 2013 og nam aðeins 50 milljónum króna en var 283 milljónir króna árið áður.

Afkoma í eignatrýggingum versnaði líka frá árinu 2013. Það skýrist m.a. af bruna í Skeifunni síðastliðið sumar en einnig var nokkuð um önnur stærri tjón í eignatrýggingum. Iðgjöld ársins 2014 námu 3.749 milljónum króna og drógust saman úr 3.928 frá árinu áður eða um 179 milljónir króna sem nemur 4,6%.

Iðgjöld í ábyrgðatrýggingum námu 882 milljónum króna og lækkuðu um 14 milljónir frá árinu áður eða um 1,6%. Lítilsháttar hagnaður var af greininni eða 5 milljónir króna. Það er betra en viðvarandi tap sem verið hefur af þessari grein um nokkurt skeið.


Iðgjöld í sjó- og farmtryggingum drógust saman og námu 413 milljónum króna samanborið við 500 milljón króna iðgjöld árið 2013. Afkoma greinarinnar sveiflast mikið milli tímabila en hagnaður ársins nam 25 milljónum króna.

Iðgjöld í slysa- og sjúkratrýggingum jukust á árinu og námu 1.579 milljónum króna en voru 1.514 árið 2013. Hagnaður af greininni nam 97 milljónum króna en árið áður var 363 milljóna króna tap.


Rekstur líf- og heilsutrýgginga gekk vel á árinu. Iðgjöldin jukust nokkuð og námu 923 milljónum króna samanborið við 848 milljónir árið 2013. Hagnaður nam 348 milljónum króna og jókst úr 290 milljónum króna árið áður.

Félagið starfaði áfram á markaði endurtrygginga erlendis og námu iðgjöld 1.194 milljónum króna á árinu 2014. Árið 2013 námu þau 1.149 milljónum króna. Reksturinn gekk ágætlega og varð hagnaður 244 milljónir króna. Árið 2013 var hagnaður 117 milljónir króna.


Eigin iðgjöld og eign tjón




Iðgjöld ársins eftir greinum




Tjón ársins eftir greinum



Gjaldþol og lágmarksgjaldþol



Gjaldþolshlutfall



Fjárfestingar

Fjárfestingarstarfsemi er önnur af undirstöðunum í rekstri VÍS. Markmið hennar er að ávaxta fjárfestingaeignir félagsins á sem bestan og öruggastan hátt. Þær eru til þess að greiða úppgerð tjón viðskiptavina og til að ávaxta eigið fé félagsins. Ábyrgðin er því mikil að ávaxta þá fjármuni með öruggum hætti.

Fjárfestingaeignir í lok árs 2014 námu 34,7 milljörðum króna og lækkuðu um tæpan 1,9 milljarð króna milli ára. Helstu skýringar á því að eignasafnið minnkaði á milli ára eru að greiddir voru rúmir 1,8 milljarðar króna í arð og félagið keypti eigin bréf fyrir um 547 milljónir króna að markaðsvirði. Einnig fjárfesti félagið í hugbúnaði fyrir rúman 1,1 milljarð króna. Gert er ráð fyrir að sú fjárfesting skili sér til framtíðar í bættum rekstri.

Af fjárfestingaeignum félagsins voru tæplega 53% í ríkisskuldabréfum og innlánnum sem er talsverð lækkun frá árinu á undan þegar þau námu rúmlega 64%. Undanfarin ár hefur verið dregið úr vægi ríkistryggðra eigna og innlána samhliða því sem fjárfestingatækifærum hefur fjölgað á Íslandi.

Á móti var fjárfest verulega meira í innlendum hlutabréfum, bæði skráðum og óskráðum. Eignir félagsins jukust um 1,3 milljarða króna í skráðum innlendum hlutabréfum og 1,8 milljarða króna í óskráðum. Samhliða hefur einnig verið bætt verulega við í öðrum skuldabréfum en ríkistryggðum. Þar ber helst að nefna sértryggð skuldabréf bankanna sem henta vel í eignasafn váttryggingafélaga.

Ávöxtun fjárfestingaeigna

Ávöxtun fjárfestingaeigna félagsins var viðunandi á árinu. Fjármunatekjur námu 2.439 milljónum króna sem jafngildir 7,1% ársávöxtun. Þetta er aðeins lakari ávöxtun heldur en árið 2013 þegar fjármunatekjur námu 2.631 milljón króna. Benda má á að verðbólga ársins var 0,8% samanborið við 3,7% árið áður og því var raunávöxtun fjárfestingaeigna betri.

Efnahagsumhverfið var á margan hátt krefjandi fyrir fjárfestingastarfsemina. Ört lækkandi verðbólga og háir stýrivextir leiddu til þess að ávöxtun af verðtryggðum skuldabréfum stóð ekki undir væntingum. Óverðtryggð bréf skiluðu hins vegar góðum hagnaði.



Talsverðar lækkanir einkenndu innlendan hlutabréfamarkað framan af árinu en þegar yfir lauk hækkaði OMXI-8 vísitalan um tæp 4%. Það er töluvert undir þeim væntingum sem gerðar voru í upphafi árs.

Erlend hlutabréf skiluðu góðri ávöxtun á árinu. MSCI vísitalan hækkaði í krónum um 16,8%. Fyrst og fremst skiluðu hlutabréf í Bandaríkjunum góðri ávöxtun en ávöxtun evrópskra hlutabréfa var slök. Ávöxtun hlutabréfasafns félagsins var talsvert umfram viðmiðunarvísitölur.

Krónan styrktist litillega á síðasta ári þrátt fyrir að nettó gjaldeyriskaup Seðlabanka Íslands hafi numið 108 milljörðum króna á árinu. Nokkrar sveiflur urðu hinsvegar á þróun einstakra gjaldmiðla gagnvart krónunni. Krónan styrktist gagnvart evru og en veiktist gagnvart bandaríkjadollar og breska pundinu. Styrking bandaríkjadollars og breska pundsins gagnvart krónunni skilaði talsverðum gengishagnað þar sem eignir í þessum myntum eru töluvert umfram skuldir.

Umgjörð fjárfestinga hjá VÍS

Ný löggjöf um váttryggingastarfsemi – Solvency II tekur gildi í ársbyrjun 2016. Enn meiri áhersla var lögð á undirbúning þess fyrir fjárfestingastarfsemi félagsins. Undanfarin ár hefur verið lögð mikil áhersla á að bæta og styrkja ferla og ákvörðunartöku við fjárfestingar. Markmiðið er eins og áður að tryggja fagmennsku við ákvarðanir og tryggja hámarksávöxtun miðað við áhættuvilja félagsins





Efnahagsumhverfið

Að mörgu leyti má segja að efnahagsaðstæður hafi verið hagfelldar á árinu. Þótt fremur lítið hafi sést til sólar sunnanlands yfir sumarmánuðina sást mikið af ferðamönnum. Sló ferðamannastraumurinn öll fyrri met sem voru þó ekki gömul og hlýtur það að teljast með hápunktum ársins efnahagslega. Atvinnulífið styrktist og samhliða því minnkaði atvinnuleysi.

Gengi krónunnar var stöðugra en oftast áður, sér í lagi gagnvart evru. Seðlabankinn studdi vel við stöðugleika með virkum inngripum á gjaldeyrismarkaði á árinu. Gengi bandaríkjadals styrktist talsvert á árinu gagnvart krónu sem og öðrum gjaldmiðlum. Gengisvísitala krónunnar var 210,1 stig í upphafi árs og endaði í 206,6. Krónan styrktist því um 1,7% á árinu.

Verðbólga lækkaði eftir því sem leið á árið og nam ársverðbólga innan við 1% undir lok þess. Líkur eru taldar á að verðbólgan verði lág vel fram eftir árinu 2015. Vextir héldust stöðugir fram á haust. Seðlabankinn hafði ekki breytt vöxtum sínum síðan í nóvember 2012 en í byrjun nóvember 2014 lækkaði bankinn þá um 25 punkta og síðan 50 punkta í desember. Stöðu vextir bankans á veðlána viðskipti í 5,25% í lok ársins.

Fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefur aukist og fasteigna- og leiguverð hækkað. Innflutningur bíla tók góðan kipp á árinu. Nýskráningar nálguðust tólf þúsund en voru ekki nema rúmlega sjö þúsund árið áður.

Á haustdögum komu fram tölur um að hagvöxtur væri minni en vonast hafði verið til. Einkaneysla eykst ekki með þeim hætti sem gert hafði verið ráð fyrir. Einnig hafa orðið tafir á uppbyggingu stóriðju sem þjóðhagsspár gerðu ráð fyrir að færi að hefjast.

Ríkisstjórnin kynnti skuldaleiðréttingar fyrir almenning sem komu til framkvæmda undir lok árs.


Ýmis jákvæð teikn voru á lofti árið 2014. Við horfum því björtum augum til næsta árs þótt blikur séu á lofti hvað varðar launaþróun og verðbólgu. Þá býr þjóðin enn við gjaldeyrishöft sem ekki liggur fyrir hvort eða með hvaða hætti verða losuð.

VÍS Í SÁTT VIÐ SAMFÉLAGIÐ

Samfélagsábyrgð VÍS er samofin öllum rekstri fyrirtækisins enda tekur félagið skyldur sínar gagnvart samfélaginu og umhverfinu alvarlega. Ætlunin er að fækka slysum og tjónum eins og unnt er og auka með því ánægju viðskiptavina, starfsfólks og eigenda. Samfélagsábyrgð VÍS byggist á sex meginstoðum; **forvörnum, samstarfsaðilum, góðum stjórnarháttum, mannauði, umhverfi og samfélagi.**







Forvarnir

Forvarnir eru hluti af fyrirtækjamenningu VÍS og mikilvægur hlekkur í starfsemi þess. Forvarnarstarf félagsins hefur þann tilgang að fækka slysum og tjónum meðal viðskiptavina og í samfélaginu í heild. Allir starfsmenn VÍS eru forvarnarfulltrúar.

Forvarnir

Forvarnir eru hluti af fyrirtækjamenningu VÍS og mikilvægur hlekkur í starfsemi þess. Við trúum því að góð þjónusta felist í að sjá fyrir hvar áhættan liggur og að veita viðskiptavinum okkar öryggi og hugarró með forvörnum. Allir starfsmenn VÍS eru forvarnarfulltrúar í þjónustu sinni við viðskiptavininn.

Forvarnaráðstefna VÍS

Vel á þriðja hundrað manns sóttu forvarnaráðstefnu VÍS og Vinnueftirlitsins sem er sú fjölsóttasta sinnar tegundar á landinu. Áð þessu sinni var yfirskrift hennar Engar afsakanir í öryggismálum. Það vísar til núllsýnarinnar svokölluðu. Íslendingar hafa kynnst henni býsna vel hjá erlendum stórfyrirtækjum við ýmsar framkvæmdir og framleiðslu hér á landi undanfarna tvo áratugi eða svo. Markmiðið er að enginn slasist við vinnu sína og allir komi heilir heim. Á þessum tíma hefur þekkingu, skipulagi, hugmyndafræði og fræðslu íslenskra fyrirtækja í öryggismálum fleygt fram. Á ráðstefnunni var meðal annars lagt út af ábyrgð fyrirtækja á öryggismálunum og hvernig skipuleggja þarf reksturinn með hliðsjón af áhættu sem í honum felst.

Á vormánuðum efndu VÍS og Vinnueftirlitið til sambærilegrar ráðstefnu í Hofi á Akureyri. Þar var húsfullir eða tæplega 200 manns. Þá var einnig hvert sæti skipað á fundi VÍS og Samgöngustofu um öryggismál í landflutningum. Sá var haldinn á haustdögum og á vormánuðum var sambærilegur fundur með bílaleigum.

Forvarnaverðlaun VÍS

HS Orka hf hreppti Forvarnarverðlaun VÍS þegar þau voru afhent í sjötta sinn á forvarnaráðstefnu VÍS og Vinnueftirlitsins. Fyrirtækið er fyrirmyndardæmi um hve miklum árangri hægt er að ná í forvörnum og öryggismálum, þar sem stjórnendur og starfsmenn hafa í sameiningu náð að skapa einstaka öryggis- og umgengnismenningu. Lögð er rík áhersla á umhverfis- og öryggisvitund starfsmanna sem takast á við fjölbreytt verkefni í viðkvæmu umhverfi.

Við sama tækifæri voru Verkís hf. og Faxaflóahafnir sf. einnig heiðruð fyrir góðan árangur í öryggis- og forvarnarmálum.

Veðrabrigði í vændum

Samfélagsábyrgð VÍS birtist í mörgum myndum og þar á meðal í markvissum forvörnum bæði gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum. Starfsfólk leggur sig í líma að halda þeim á lofti bæði innan fyrirtækis og utan. Fjöldi fréttar er t.d. árlega sendur út bæði til upplýsingar og viðvörunar. Það er t.d. gert þegar blikur eru á lofti og ástæða er til að vara við yfirvofandi veðrabrigðum. Þannig gefst rýmri tími til að bjarga verðmætum. Að jafnaði var meira en ein forvarnafrétt birt í viku hverri á vef VÍS á árinu sem skilaði vel á annað hundrað fréttum í fjölmiðlum.



Vel á þriðja hundrað manns sóttu forvarnaráðstefnuna að þessu sinni.



HS Orka hf hreppti Forvarnarverðlaun VÍS

Ég lofa

Í upphafi sumars var efnt til umferðaröryggisverkefnisins Ég lofa líkt og árið áður. Það stóð í fjórar vikur, til þjóðhátíðardagsins 17. júní. Tæplega 2.400 manns skráðu sig til leiks og lofuðu að bæta ráð sitt í umferðinni með einhverjum hætti. Daglega voru birtar fréttir úr umferðinni sem flestar rötuðu í fjölmiðla. Vikulega fengu nokkrir þátttakenda bíómiða fyrir fjölskylduna og tíu hlutu miða á landsleik í handknattleik. Í lokin fékk einn ökutækjatrýggingu í eitt ár og annar hreppti iPad.

VÍS kannanir

Fjöl margar kannanir voru gerðar sem sýndu til að mynda að níu af hverjum tíu hjólréiðamönnum nota hjálm. Þrír af hverjum tíu ökuðum gáfu ekki stefnuljós þegar þeir óku út af Reykjanesbraut. Á öðru hverju rauðu ljósi ekur einhver yfir gegn því. Einn af hverjum tíu bílum var á sumardekkjum um hávetur. Meirihluti fullorðinna og barna á leið í Rimaskóla notaði ekki endurskinsmerki. Þrír af hverjum fjórum skíðamönnum nota hjálm og sex af hverjum tíu sem renna sér á bretti.



F plús viðskiptavinum bauðst að ná sér í skínandi höfuðfat fjórða árið í röð.



VÍS hefur fært Slysavarnaskóla sjómanna 50 flotgalla að gjöf á undanförunum árum.



Barnabílstólar VÍS njóta gríðarlegra vinsælda.

Skínandi húfur

Fjórða árið í röð bauðst viðskiptavinum með F plús að næla sér í skínandi fallegt höfuðfat á næstu þjónustuskrifstofu. Að þessu sinni var bryddað upp á nýjung þar sem eyrnabönd voru í boði ásamt húfum. Fleiri þúsund nýttu tækifærið og kláruðust 17.000 stykki á skömmum tíma enda VÍS húfurnar í huga margra orðnar jafn sjálfsagðar að hausti og rökkrið.

Endurskinsmerki

Á skrifstofum félagsins geta allir fengið endurskinsmerki sem draga dóm af húfunum góðu. Endurskin er mikið öryggisatriði. Þeir sem það bera sjást allt að fimm sinnum fyrir en ella í myrkri.

Rúðusköfur

VÍS hefur dreift rúðusköfum við ýmis tækifæri, t.d. á forvarnaráðstefnu sinni og fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Þær vöktu lukku enda kölluðu aðstæður á sköfurnar þegar viðburðirnir voru haldnir. Þetta þarfapung geta allir nælt sér í á næstu skrifstofu.

Barnabílstólar

VÍS hefur leigt út barnabílstóla í tvo áratugi við miklar vinsældir. Nokkur þúsund stólar eru jafnan í útleigu og skipta viðskiptavinir tugum þúsunda frá upphafi. Mikið er lagt upp úr traustum bílstólum og hafa þeir fengið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga fyrir öryggi sitt.

Björgunargallar fyrir Slysavarnaskólann

Farsælt samstarf VÍS og Slysavarnaskóla sjómanna var endurnýjað til þriggja ára. Það felur í sér að bæta öryggismenningu um borð í fiskiskipum og forvarnir gegn slysum sjómanna. Liður í því er að VÍS gefur skólanum árlega 10 björgunargalla til notkunar við kennslu og æfingar. Þeir eru orðnir 50 frá upphafi.

Markvisst er unnið með fyrirtækjum í viðskiptum við VÍS að verkefnum sem hafa þann tilgang að koma í veg fyrir slys og tjón. Megináherslan hefur verið á samstarf við stærri fyrirtæki og fyrirtæki sem sinna áhættusömum rekstri. Forvarnarfulltrúar VÍS sinna þessum verkefnum af miklum ákafa og krafti með dyggum stuðningi viðskiptastjóra og fyrirtækjafulltrúa VÍS víða um land.

Vatnsvarnir

VÍS tekur ásamt tíu öðrum þátt í Vatnsvarnarbandalaginu sem er samstarfshópur um varnir gegn vatnstjóni. Þetta er sambærilegt Eldvarnarbandalaginu sem komið var á fót árið 2010.





Samstarfsaðilar

VÍS gerir kröfur um að samstarfsaðilar félagsins hagi starfsemi sinni á samfélagslega ábyrgan hátt á sviði umhverfis- og öryggismála.

vís

Samstarfsaðilar

Í samræmi við umhverfis- og samfélagsstefnu VÍS er lögd áhersla á að þeir sem veita viðskiptavinum félagsins einhvers konar þjónustu skuli fullnægja ákvæðum laga og reglugerða er varða starfsemi þeirra.

Öryggis- og þjónustuhandbók

VÍS hefur gefið út Öryggis- og þjónustuhandbók fyrir þá sem vinna verk á vegum félagsins. Í henni eru skýrðar áherslur og reglur um öryggi starfsmanna og verktaka á vegum VÍS er snertir öryggi og heilbrigði á vinnustað og hvernig verklagi skuli háttað við vinnu hjá viðskiptavinum félagsins. Verktökum er skylt að kynna sér og þekkja ábyrgð sína og þær ráðstafanir sem gera þarf til að tryggja öryggi á verkstöðum VÍS.

Meðal annars er sérstaklega fjallað um umgengi og förgun úrgangs. Undanfarin ár hefur kostnaður af slíku aukist umtalsvert

vegna ríkari krafna um flokkun úrgangsins og rétta meðhöndlun. Því er nauðsynlegt að gera ráð fyrir förgunarkostnaði þegar váttryggingarfjárhæð er metin, t.d. á lausafé fyrirtækja. Ætla má að förgunarkostnaðurinn geti að jafnaði numið 8 - 10% af heildarváttryggingarfjárhæðinni og enn meiru ef um sérstaka starfsemi er að ræða.

Ókeypis framrúðuviðgerð

Viðskiptavinir sem eru með bílrúðutryggingu hjá VÍS borga ekkert fyrir að láta gera við skemmda framrúðu á bíl sínum. Ef hins vegar þarf að skipta um rúðuna greiðir viðskiptavinur sjálfsábyrgð sem nemur 15% af verði og ísetningu nýrrar, í flestum tilfellum 12-15 þúsund krónur.

Ef skemmdin í rúðunni er minni en 100 króna mynt og ekki í sjónlínu ökumanns eru góðar líkur á að gera megi við hana án þess að skipta um rúðu. Viðgerð tekur yfirleitt mjög skammt tíma. Mikilvægt er að þurrka vel yfir skemmdina um leið og hún myndast og setja svo kallaðan framrúðuplástur þétt yfir skemmdina utan frá þannig að hvorki komist vatn né óhreinindi í sárið. Því er gott að eiga slíkan plástur í bílnum en hann er hægt að nálgast á næstu þjónustuskrifstofu VÍS.

Hjá VÍS hefur hlutfall viðgerða á móti skiptum vaxið hratt undanfarin ár; 2010 var það 3,6% en var komið í 8,2% árið 2013 en lækkaði í 7,4% árið 2014. Ætla má að hlutfallið gæti auðveldlega verið fjórðungur.

Það er allra hagur að gera sem fyrst við skemmdina ef þess er kostur, fremur en skipta um rúðu.



Viðskiptavinum með framrúðutryggingu býðst ókeypis viðgerð framrúðu.





Samfélag

Það er stefna VÍS að styðja og styrkja verkefni sem til heilla horfa fyrir land og þjóð. Þannig ber félagið ábyrgðina með viðskiptavinum sínum. VÍS styrkir fjölmörg líknarfélög, íþróttafélög og menningarstarf. Megináherslur eru á verkefni sem hafa forvarnarlegt gildi.

vís

Samfélag

Með stefnu um samfélagsábyrgð leitast VÍS við að starfsemi þess og þjónusta stuðli að sameiginlegum ávinningi fyrir samfélagið og umhverfið. VÍS á aðild að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð

Viðburðir

VÍS tekur þátt í margvíslegum viðburðum ár hvert bæði stórum og smáum. Að þessu sinni bar haf og haga hæst. Annars vegar Sjávarútvegssýninguna í Fífunni sem haldin er þriðja hvert ár og hins vegar Landsmót hestamanna á Gaddstaðflötum við Helli



VÍS er bakhjarl Meistaradeildarinnar í hestaíþróttum.



VÍS skartaði glæsilegum básum á Landsmóti hestamanna á Gaddstaðflötum og Sjávarútvegssýningunni í Fífunni.



Morgungöngur FÍ og VÍS nutu vinsælda og mörkuðu í raun upphafið að göngutímabili ársins.

sem fram fer annað hvert ár. Þúsundir gesta sóttu mannamótin og vakti bás VÍS verðskuldaða athygli í báðum tilfellum. Á sjávarútvegssýningunni var hann valinn einn af þremur bestu hjá smærri sýnendum. VÍS gerði vel við gesti sýningarinnar og hreppti einn heppinn sem tók þátt í leik í básnum veglegan ferðavinning að launum. Tveir hrepptu myndarlegan málsvörð.

Veðurguðirnir voru hestamönnum ekki hliðhollir á Landsmótinu. Fyrir vikið var enn meiri straumur gesta í hlýlegan og notalegan bás VÍS sem vakti verðskuldaða athygli og aðdáun. Þar var heitt á könnunni alla daga og krúðerí sem gladdi þúsundir gesta að ógleymdu barnahorninu sem kætti yngstu kynslóðina.

Venju samkvæmt kynnti VÍS starfsemi sína á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna og stóð fyrir öryggisdögum Strætó og VÍS í nóvember.

Öflugur bakhjarl

VÍS statar af þéttriðnu þjónustuneti landið um kring með á fjórða tug þjónustustaða. Lagður er metnaður í að hlúa að íþrótt-, ungmenna- og líknaistarfi sem víðast eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni. Umhyggja er eitt af leiðarljósum félagsins líkt og sjá má í verki með margvíslegum hætti. Til að mynda með 1.000.000 kr. gjöf til Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur í jólamánuðinum.

VÍS er bakhjarl Meistaradeildarinnar í hestaíþróttum og styrkir mótarið hennar sem og Landssamband hestamannafélaga. VÍS mót Próttar í Laugardal er eitt af þeim allra fjölmennustu ár hvert þar sem börn á aldrinum 5-10 ára reyna með sér. Á Nikulásarmóti VÍS í Fjallabyggð spreytir sami aldurs hópur sig nyrðra. Þá styrkti VÍS Unglingalandsmót UMFÍ sem að þessu sinni var haldið á Sauðárkróki.

VÍS stuðlar sem fyrr að vexti og viðgangi þjóðaríþróttarinnar með dyggum stuðningi við Handknattleikssamband Íslands.

Ferðafélag Íslands og VÍS hafa um árabíl átt farsælt samstarf þar sem Morgungöngur FÍ og VÍS að vori marka upphafið að göngutímabili ársins. Í sumarsólstöðugöngu félaganna á Esju í júní leiddi Vilborg Arna ævintýrakona för vaskra meyja og sveina á toppinn.

Samningar

VÍS tryggir meirihluta sveitarfélaga landsins. Á árinu voru samningar við fjölmörg sveitarfélög endurnýjaðir og nokkur ný komu í viðskipti. Oftast nær var samið til þriggja ára að undangengnu útboði eða verðkönnun. Það á til dæmis við um Garðabæ, Akureyri, Voga, Garð, Sandgerði, Grundarfjörð og Rangárþing ytra. Í öðrum tilfellum voru eldri samningar endurnýjaðir enda reynslan rík og góð m.a. hvað snertir alls kyns sérhæfða ráðgjöf, öryggismál og forvarnir sem huga þarf sérstaklega að á þessu sviði.

VÍS fékk þrjú stærstu fasteignafélög landsins í viðskipti á árinu; Eik, Regin og Reiti. Að stærstu fasteignafélögin hafi öll valið VÍS við endurnýjun tryggingasamninga sinna endurspeglar styrk VÍS og þá framúrskarandi þjónustu og tryggingavernd sem veitt er.

Rafræn skilríki

VÍS var fyrst tryggingafélag á Íslandi til að bjóða viðskiptavinum að nota rafræn skilríki í síma. Auðkenninguna má nota á Mitt VÍS sem er persónuleg þjónustugátt viðskiptavina. Með rafrænum skilríkjum eykst bæði öryggi í öllum samskiptum og hraði þjónustunnar.

Þjónustuneti breytt

Um áramót var þjónustuneti VÍS breytt með það að markmiði að sinna betur þörfum viðskiptavina, bæta þjónustuna og einfalda skipulag félagsins. Þjónustustöðum fækkaði við þessar breytingar. Þar sem svo háttar til sækja viðskiptavinir nú upplýsingar og aðstoð til stærri og öflugri skrifstofa eða þjónustuvers.

Framúrskarandi fyrirtæki

VÍS er í 17. sæti stórra fyrirtækja á lista Creditinfo yfir framúrskarandi fyrirtæki landsins. Þetta er fimmta árið í röð sem VÍS er á listanum. Þá er Lífís í 58. sæti. Að þessu sinni komast 577 fyrirtæki af 32.691 í hlutafélagaskrá á listann eða um 1,7% heildarinnar.

Framúrskarandi fyrirtæki að mati Creditinfo:

- Hefur skilað ársreikningi til RSK síðastliðin þrjú ár
- Líkur á alvarlegum vanskilum þess eru minni en 0,5%
- Rekstrarhagnaður (EBIT) hefur verið jákvæður þrjú ár í röð
- Ársniðurstaða hefur verið jákvæð þrjú ár í röð
- Rekstrarform ehf., hf. eða svf.
- Eiginfjárlutfall 20% eða meira þrjú rekstrarár í röð
- Eignir hafa numið 80 milljónum eða meira þrjú ár í röð
- Framkvæmdastjóri er skráður í hlutafélagaskrá
- Fyrirtækið er virkt skv. skilgreiningu Creditinfo







Umhverfi
Fagmennska
Árangur

Mannauður

Það er markmið VÍS að tryggja jafnrétti þannig að hver og einn starfsmaður sé metinn að verðleikum óháð kyni. Með virkri jafnréttisáætlun er stuðlað að því að félagið nýti sér hæfileika og færni allra starfsmanna sinna á sem bestan hátt. VÍS er aðili að jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact. Í því felst að VÍS skuldbindur sig siðferðislega til að vinna að jafnréttismálum, hafa frumkvæði í þeim og sýna samfélagsábyrgð.



Mannauður

Starfsfólk VÍS er grunnurinn að árangri fyrirtækisins. Hjá félaginu starfar metnaðarfullt, ánægt og stolt starfsfólk sem endurspeglar gildi fyrirtækisins í daglegu starfi; umhyggju, fagmennsku og árangur.

Vel samsettur hópur

Í lok árs 2014 voru starfsmenn VÍS 198, þar af tæpur fjórðungur á landsbyggðinni. Meðal fjöldi stöðugilda á árinu var 194,8. Starfsmannavelta hefur verið mjög lág eða 3,7% á ári að meðaltali undanfarin 5 ár þegar horft er til þeirra sem láta af störfum af eigin frumkvæði.

VÍS kappkostar að hafa í sínum röðum fjölbreyttan hóp með ólíkan bakgrunn og reynslu. Þannig er stuðlað að sem bestri fyrirtækjamenningu. Hún skilar sér í betri þjónustu, ánægðum viðskiptavinum og góðri ímynd. Meðalstarfsaldur er um 12 ár og meðallífaldur starfsmanna 46 ár. Rúmlega helmingur starfsfólks er háskólamenntaður og þriðjungur þeirra hefur lokið meistara-námi. Kynjaskipting er nokkuð jöfn, 108 karlar og 90 konur starfa hjá félaginu. Í framkvæmdastjórn eru 3 konur og 4 karlar, rúm 40% deildarstjóra eru konur og 60% stjórnar.



Frá árinu 2012 hefur verið lögð áhersla á að einfalda verklag og auka skilvirkni. Það hefur meðal annars skilað sér í færri stöðugildum. Frá 2011 hefur þeim fækkað úr 234 í 195 árið 2014 eða um tæp 17%. Breytingar í starfsmannafjölda hafa að mestu orðið með því að ekki hefur verið ráðið í stað þeirra sem hætta.


Starfsánægja

Frá árinu 2000 hefur verið gerð vinnustaðargreining meðal starfsmanna þar sem innra umhverfið, menning og stjórnun eru metin. Könnun á árinu 2014 sýnir að ánægja starfsmanna með þá þætti sem mældir eru með svokölluðum kjarnaspurningum er meiri en að jafnaði hjá þeim fyrirtækjum sem VÍS ber sig saman við. Ánægja starfsmanna hefur verið nokkuð stöðug undanfarin ár og mælist á styrkleikabili samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum Gallup.

Hrós og viðurkenning ásamt endurgjöf á frammistöðu eru þeir þættir þar sem VÍS skarar mest fram úr öðrum íslenskum fyrirtækjum. Frammistöðusamtöl eru árleg og nýtt til að veita starfsmönnum markvissa endurgjöf. Einnig eru þau mikilvæg til að laða fram styrkleika starfsfólks og starfsþróunarmöguleika.


Tækifæri til að læra og þróast

VÍS býður starfsfólki upp á metnaðarfulla fræðsludagskrá og leggur áherslu á miðlun þekkingar milli starfsmanna og ólíkra sviða innan félagsins. Lögð er áhersla á að starfsmenn þekki vöruframboð og ferla. Fjöldmörg námskeið eru haldin um mikilvæga þætti í kjarnastarfseminni og mikilvæg mállefni sem tengjast lögum og regluverki sem félagið býr við. Jafnframt er boðið upp á ýmsa fræðslu sem nýtist einstaklingum bæði í einkalífi og starfi. Við leggjum áherslu á að starfsemin sé í stöðugri þróun með þátttöku allra starfsmanna. Að undanfjórnu hefur til að mynda fjöldi þeirra fengið þjálfun í straumlínustjórnun eða LEAN.





Opni Háskólinn í Reykjavík starfrækir Tryggingaskólann í samstarfi við Samtök fjármálafyrirtækja. Árið 2014 var nemendum í fyrsta sinn boðið að ljúka námi sínu með vottunarprófi váttryggingastarfsmanna. Markmið vottunarinnar er að samræma kröfur sem gerðar eru til váttryggingastarfsmanna og tryggja að

þeir búi yfir nauðsynlegri þekkingu og færni í starfi. Sjö starfsmenn hafa lokið vottun og sex til viðbótar munu gera það vorið 2015. Það er stefna VÍS að flestir sem vinna við kjarnastarfsemina, tryggingar og tjón ljúki þessari vottun.



Kynjaskipting







Umhverfi

VÍS leggur áherslu á að starfsemi félagsins stuðli að sem minnstri mengun, hreinni náttúru og förgun úrgangs í kjölfar tjóna á sem umhverfisvænastan máta.

vís

Umhverfi

Umhverfisvænt VÍS

Innan félagsins starfar hópur starfsfólks undir merkjum Græna hersins sem hefur það að markmiði að stuðla að aukinni umhverfisvitund meðal starfsfólks.

Til að styðja við umhverfið hefur verið gripið til ýmissa aðgerða og má þar nefna:

- Allt sorp í kaffistofum og matsal í höfuðstöðvum er flokkað
- Allar ræstivörur í höfuðstöðvum eru Svansvottaðar
- Um fimmtungur starfsmanna hefur gert samgöngusamning og skuldbundið sig til að nota vistvænan ferðamáta til og frá vinnu
- Miðlægt prentumsjónarkerfi hefur dregið úr pappírnotkun
- Allur pappír er settur í sérstök ílát og eytt með vistvænum hætti
- Öllum tölvukerfum er útvistað

Skeifubruninn

Stærsta tjón ársins varð 6. júlí þegar eldur varð laus í atvinnuhúsnæði í Skeifunni. Við förgun brunarústanna voru þær brotnar niður og flokkaðar. Þannig voru stórir steypubitar til að mynda mólvaðir. Járníð hreinsað úr þeim, endurunnið og steypunni fargað sér. Stór hluti rústanna var flokkaður sem spilliefni og fargað samkvæmt því.

Eldurinn blossaði upp í kjölfar sjálfsíkveikju í þvotti og breiddist mjög hratt út. 130 slökkviðliðsmenn úr fjórum slökkviliðum börðust við bálið sem var erfitt viðureignar þar sem þykkur asfaltappi á þakinu bráðnaði við hitann. Þeim til fulltingis voru 100 björgunar- sveita- og lögreglumenn. Áhersla var lögð á að verja nálæg skrifstofuhús. Öll tryggingafélögin fjögur áttu hlut í heildar-tjóninu sem nam tæpum tveimur milljörðum króna. Kostnaður VÍS af því var um 250 milljónir.





Stjórnarhættir

VÍS framfylgir góðum stjórnarháttum og fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í mars 2012. Þessi rammi tryggir upplýsingagjöf, gagnsæi og eykur ábyrgð félagsins og starfsmanna þess.

Stjórnarháttayfirlýsing

Vátryggingafélags Íslands hf.

Vátryggingafélag Íslands hf. (VÍS) fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og hefur tileinkað sér þá stjórnarhætti sem leiðbeiningarnar kveða á um fyrir utan að félagið hefur ekki skipað sérstaka tilnefningarnefnd. Í mars 2014 var VÍS veitt viðurkenning sem fyrirmýndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum af Rannsóknarmiðstöð í stjórnarháttum við Háskóla Íslands. Með viðurkenningunni voru gæði stjórnarháttanna félagsins staðfest af óháðum utanaðkomandi aðilum. Framangreind viðurkenning sem VÍS hlaut 2014 hefur nýverið verið endurnýjuð. Sá rammi sem fyrirtækinu er settur með lögum, reglugerðum, samþykktum og skýrum innanhússreglum auðveldar störf starfsmanna, eykur gagnsæi og styrkir þannig innviði fyrirtækisins, auk þess að treysta hag allra haghafa, svo sem viðskiptavina, hluthafa, starfsmanna og samfélagsins í heild.

VÍS er hlutafélag sem stofnað var 5. febrúar 1989 af Bruna-bótafélagi Íslands og Samvinnutryggingum gt. og starfar m.a. samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010 og lögum um hlutafélög nr. 2/1995. Vátryggingafélög eru einnig eining tengd almannahagsmunum sbr. staflíð d í 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008, sbr. 14. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. VÍS sem vátryggingafélag lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins og er starfsleyfissskyld.

VÍS var skráð á hlutabréfamarkað árið 2013. Skráningarlýsing var gefin út þann 27. mars 2013 og fór almennt útboð á tæplega 70% hluta félagsins fram þann 12. til 16. apríl sama ár. Hlutirnir voru teknir til viðskipta á aðalmarkaði Kauphallar Íslands þann 24. apríl 2013.

VÍS birtir reglur félagsins og annað efni sem leiðbeiningar Viðskiptaráðs gera ráð fyrir að félög birti á vefsíðu sinni á sérstöku svæði fyrir fjárfesta www.vis.is. Þar má m.a. finna starfsreglur stjórnar og undirnefnda hennar, fundargerðir hluthafafunda, siðasáttmála og stefnu um samfélagsábyrgð.

Lög um vátryggingastarfsemi og lög um hlutafélög má finna á vefsíðu Alþingis www.althingi.is


Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 4. útgáfu* 2012, má finna á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is.

*4. útgáfa sem kom út í marsmánuði 2012, útgefin af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Stjórnkerfi VÍS

Stjórnkerfi VÍS tekur mið af lögum um hlutafélög með þeim skyldum sem lagðar eru á vátryggingafélög samkvæmt sérlögum.

Skipurit VÍS





Stjórn VÍS, frá vinstri: Halbjörn Karlsson, Helga Jónsdóttir, Guðrún Þorgeirsdóttir, Ásta Dís Óladóttir og Steinar Þór Guðgeirsson.

Eignarhald VÍS

VÍS var að 69,07% í eigu almennings í kjölfar almenns útboðs á þessum hluta félagsins sem fram fór 12-16. apríl 2013. Klakki ehf. hélt á 30,93% hlut í félaginu fram á mitt ár 2014 þegar Klakki hóf að selja hluti sína til fagfjárfesta með utanþingsviðskiptum. Klakki hafði þann 17. nóvember selt alla hluti sína í VÍS. Í lok árs 2014 voru hluthafar félagsins um 1100 talsins. Yfir 50% hluta eru í eigu lífeyrissjóða, tæp 40% hluta eru í eigu annarra lögaðila og rúm 10% í eigu einstaklinga. Eins og fram kemur í upplýsingastefnu félagsins sem finna má á vefsíðu VÍS þá geta hluthafar sem vilja beina fyrirspurnum til stjórnar eða gera grein fyrir viðhorfum sínum tengdum rekstri sent tölvupóst á stjorn@vis.is.

Hlutverk og gildi VÍS

VÍS er traust, leiðandi og framsækið þjónustufyrirtæki sem veitir viðskiptavinum viðeigandi váttryggingavernd og stuðlar að öryggi þeirra í samfélaginu með öflugum forvörnum.

Gildi VÍS eru umhyggja, fagmennska og árangur og með þessi gildi að leiðarljósi er unnið að lykilverkefnum sem stuðla að innleiðingu stefnu félagsins.

VÍS stefnir á næstu árum að því að verða það váttryggingafélag sem aðrir líta til sem fyrirmyndar á öllum sviðum; í rekstri, í ánægju viðskiptavina, í rafrænni þjónustu og í árangursríku forvarnarstarfi. Jafnframt því viljum við gera góðan vinnustað framúrskarandi.

Lykiláherslur í stefnu VÍS eru:

- Framúrskarandi þjónusta og forvarnir.
- Sækjum og ræktum mikilvæg viðskiptasambönd.
- Einfaldleiki að leiðarljósi.
- Arðsamur rekstur.
- Öflug liðsheid.

Hluthafafundur

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum VÍS í samræmi við lög og samþykktir félagsins, en þar fara hluthafar með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins. Aðalfund VÍS skal halda fyrir lok marsmánaðar ár hvert þar sem tekin eru fyrir mál sem lög og samþykktir félagsins kveða á um. Á aðalfundi er kosin stjórn og varastjórn félagsins, lagður fram endurskoðaður ársreikningur fyrir liðið ár, þóknun til stjórnar ákveðin, tillögur stjórnar um starfskjarastefnu og ákvörðun tekin um ráðstöfun hagnaðar eða taps félagsins. Á síðasta starfsári var haldinn aðalfundur þann 13. mars 2014.

Samþykktir

Samþykktir eru hluti af stofnskjöllum hlutafélaga. Samþykktir VÍS geyma m.a. reglur um tilgang félagsins, hlutafé, hluthafafundi, stjórn, ársreikninga og endurskoðun.

Stjórn

Stjórn VÍS samanstendur af Friðriki Hallbirni Karlssyni formanni sem setið hefur í stjórn frá 2013, Guðrúnu Þorgeirsdóttur, varaformanni stjórnar sem setið hefur í stjórn VÍS frá 2010, Helgu Jónsdóttur sem setið hefur í stjórn síðan 2010, Steinari

Þór Guðgeirssyni og Ástu Dís Óladóttur sem bæði hafa setið frá 2013. Af samsetningu stjórnar má sjá að VÍS uppfyllir skilyrði hlutafélagalaga um kynjakvóta sem tóku gildi 1. september 2013. Þess má geta að varastjórn VÍS uppfyllir einnig skilyrðið um kynjakvóta. Auknar kröfur eru gerðar til hæfis stjórnarmanna váttryggingafélaga, sem þurfa að gangast undir sérstakt hæfismat Fjármálaeftirlitsins. Stjórn VÍS skipa fimm einstaklingar sem allir hafa staðist framangreint hæfismat. Allir stjórnarmenn VÍS eru óháðir félaginu. Mest allt árið 2014 taldist Guðrún Þorgeirsdóttir háð stærsta eiganda félagsins, Klakka ehf. en þar sem Klakki hefur selt hluti sína í VÍS telst hún ekki lengur háð stórum eiganda. Ítarlegri upplýsingar um stjórnarmenn eru aftar í yfirlýsingu þessari.

Stjórn fer með æðstvald í málefnum félagsins milli hluthafafunda með þeim takmörkunum sem leiða af lögum, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Stjórnarformaður hefur tilteknu hlutverki að gegna sem mælt er fyrir um í starfsreglum stjórnar VÍS og gert er ráð fyrir að hann sinni sbr. áður nefndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórn VÍS hélt 16 stjórnarfundi á árinu 2014. Stjórnarmenn mættu mjög vel á stjórnarfundi. Í eitt skipti var af óviðráðanlegum ástæðum haldinn stjórnarfundur með fjórum stjórnarmönnum. Í tvö skipti til viðbótar voru forföll hjá aðalmönnum en í þeim tilvikum náðist að kalla varastjórnarmenn til fundar. Stjórn var því ætíð ákvörðunarbær samkvæmt lögum og starfsreglum stjórnar.

Undirnefndir stjórnar

Stjórn hefur skipað tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Samkvæmt lögum um ársreikninga skal vera til staðar endurskoðunarnefnd hjá váttryggingafélögum. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja mæla með því að starfskjaranefnd sé til staðar. VÍS hefur ekki skipað tilnefningarnefnd eins og framangreindar leiðbeiningar mælast til að gert sé. Frestur til að bjóða sig fram til stjórnarsetu í VÍS er auglýstur gegnum fréttaveitu Kauphallar Íslands. Stjórn yfirfer þau framboð sem félaginu berast og svo fer kosning til stjórnar fram á aðalfundi.

Endurskoðunarnefnd

Í endurskoðunarnefnd VÍS sitja þrír fulltrúar. Hana skipa Vignir Rafn Gíslason endurskoðandi, sem er formaður nefndarinnar, Helga Jónsdóttir, stjórnarmaður í VÍS og Ásta Dís Óladóttir, stjórnarmaður í VÍS. Nefndarmenn eru allir óháðir VÍS. Nefndin hefur sett sér starfsreglur sem staðfestar voru af stjórn. Hlutverk endurskoðunarnefndar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættugreiningu og virkni innra eftirlits. Hún á að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess. Starfsreglur endurskoðunarnefndar má finna á vefsíðu VÍS. Endurskoðunarnefnd fundaði tíu sinnum á árinu 2014 og mættu allir nefndarmenn til fundar í öll skiptin fyrir utan að einn nefndarmaður forfallaðist í eitt skipti. Nefndin var því ætíð ákvörðunarbær. Endurskoðunarnefnd starfar á ábyrgð stjórnar félagsins.

Starfskjaranefnd

Í starfskjaranefnd sitja þrír fulltrúar úr stjórn VÍS. Starfskjaranefnd VÍS skipa Friðrik Hallbjörn Karlsson, formaður stjórnar VÍS, Guðrún Þorgeirsdóttir, varaformaður stjórnar VÍS og Helga Jónsdóttir, stjórnarmaður í VÍS. Hallbjörn, Helga og Guðrún eru öll óháð VÍS. Upplýsingar um stjórnarmenn má finna aftar í yfirlýsingu þessari. Starfskjaranefndin starfar eftir starfsreglum sem hún hefur sett sér og staðfestar voru af stjórn. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir félagsstjórn og framkvæmdastjórn um starfskjör æðstu stjórnenda félagsins og ráðgefandi um starfskjarastefnu, sem tekin skal til endurskoðunar ár hvert og lögð fyrir aðalfund. Starfskjaranefnd skal taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins. Starfskjaranefnd fundaði átta sinnum á árinu og mættu allir nefndarmenn til fundar í öll skiptin.

Forstjóri

Forstjóri félagsins, Sigrún Ragna Ólafsdóttir er ráðinn af stjórn og ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og ákvörðun stjórnar. Forstjóri ber ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfsemi félagsins fylgja. Honum ber að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir. Lagarammi váttryggingafélaga gerir einnig kröfur um hæfi forstjóra váttryggingafélags en hann þarf að gangast undir sérstakt hæfismat Fjármálaeftirlitsins. Forstjóri VÍS hefur staðist framangreint hæfismat. Upplýsingar um forstjóra félagsins eru aftar í yfirlýsingu þessari.

Framkvæmdastjórn VÍS samanstendur af forstjóra og framkvæmdastjórum þeirra sex sviða sem félagið hefur á að skipa. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á váttryggingarekstri félagsins og því sem honum tengist.

Hjá VÍS er starfandi fjárfestingaráð sem samanstendur af forstjóra, framkvæmdastjóra fjármálasviðs, forstöðumanni fjárfestinga og staðgengli hans. Fjárfestingaráð starfar á grundvelli innri reglna félagsins þegar kemur að ákvarðanatöku um tiltekna viðamiklar fjárfestingar VÍS.

Á skrifstofu forstjóra er starfandi áhættustýring, lögfræðiráðgjöf og fjárfestingar undir stjórn forstöðumanna þessara eininga. Forstöðumenn heyra undir forstjóra VÍS.

Áhættustýring og innra eftirlit

Innan VÍS er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að hafa eftirlit með og stýra þeirri áhættu sem tengist starfsemi félagsins. Þessir áhættuþættir eru fyrst og fremst váttryggingaáhætta, markaðsáhætta, mótaðilaáhætta, samþjöppunaráhætta, lausafjáráhætta, rekstraráhætta og eiginfjáráhætta. Unnið er að innleiðingu samhæfðrar áhættustýringar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2014 um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings hjá váttryggingafélögum. Þá vinnur félagið að undirbúningi vegna væntanlegrar nýrrar löggjafar um váttryggingastarfsemi, sokaðlaða „Solvency II“ tilskipunar, sem stefnt er að taki gildi 1. janúar 2016. Skipaðir hafa verið vinnuhópar til að sjá um

undirbúning einstakra þátta samkvæmt kröfum tilskipunarinnar. Allar þær stefnur sem félaginu ber að setja skv. Solvency II hafa verið staðfestar af stjórn og endurskoðunarnefnd á árinu 2014. Félagið er með vel skipulagt og áreiðanlegt innra eftirlit sem er órjúfanlegur hluti samhæfðrar áhættustýringar. Innra eftirlit er ferli sem er mótað af stjórn félagsins, stjórnendum þess og starfsmönnum og er ætlað að veita hæfilega vissu um og stuðla að því að félagið nái markmiðum sínum um:

- Árangur og skilvirkni í starfseminni (rekstrartengd markmið).
- Að fjárhagsupplýsingar séu áreiðanlegar (markmið um réttar fjárhagsupplýsingar).
- Að fylgt sé lögum og reglum í hvívetna (markmið um að starfsemi sé í samræmi við lög og reglur).

Innra eftirlit birtist m.a. í verklagsreglum félagsins, siðareglum og starfsmannastefnu. Innra eftirlit er eðlilegur hluti af starfsemi félagsins og er samtvinnuð rekstri þess.

Lögmæltar innri reglur, siðasáttmáli og stefna um samfélagsábyrgð

Árið 2014 voru í gildi eftirfarandi innri reglur sem settar hafa verið af stjórn félagsins og staðfestar af Fjármálaeftirlitinu sbr. lög um vátryggingastarfsemi:

- Reglur um fjárfestingastarfsemi.
- Almennar lánareglur.
- Reglur um innra eftirlit.
- Reglur um innri endurskoðun.
- Reglur um viðskipti við tengda aðila.
- Reglur um hæfi lykilstarfsmanna.

Stjórn hefur einnig sett reglur um viðskipti félagsins, stjórnar þess og starfsmanna, með fjármálagerninga. Regluvörður hefur eftirlit með því að reglum um þessi viðskipti sé fylgt. Regluvörður hefur einnig umsjón með því að reglum Fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja nr. 1050/2012 sem settar eru á grundvelli 132. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 sé framfylgt hjá félaginu.

Stjórn staðfesti siðasáttmála félagsins í janúar 2014. Siðasáttmáli VÍS byggir á hugmyndum starfsmanna félagsins um hvernig þeim beri að haga störfum sínum og lýsir þannig viðhorfum þeirra og væntingum um gæði starfseminnar. Gildi VÍS voru höfð að leiðarljósi við samningu sáttmálans sem út frá þeim lýsa því sambandi sem stjórn og starfsmenn vilja eiga við viðskiptavini, samstarfsmenn, hluthafa, eftirlitsstofnanir, samfélagið okkar og samkeppnisaðila.

Stefna VÍS um samfélagsábyrgð byggir á sex meginstoðum: forvörnum, samstarfsaðilum, stjórnarháttum, mannauði, umhverfi og samfélagi. VÍS stefnir út frá þeim að stuðla að forvörnum, umhverfis- og öryggismálum, góðum stjórnarháttum, jafnrétti, líknarmálum, menningar- og íþróttamálum.



VÍS hlaut árið 2014 viðurkenninguna Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Árangursmat stjórnar

Stjórn félagsins hefur framkvæmt formlegt árangursmat (sjálfsmat) vegna starfa sinna á árinu 2013-2014 í febrúar 2014. Sjálfsmatið leggur stjórn til grundvallar til að bæta störf sín á komandi starfsári. Stjórn taldi að allir stjórnarmenn hefðu unnið störf sín af áhuga og samviskusemi. Stjórnarmenn mættu vel og tóku allir virkan þátt í störfum stjórnarinnar. Stjórn horfði sérstaklega til þess hvernig henni tókst að uppfylla fjárhags- og starfsáætlun sína fyrir liðið starfsár.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun er hluti af skipulagi VÍS og þáttur í eftirlitskerfi félagsins. Innri endurskoðun starfar í umboði stjórnar samkvæmt sérstöku erindisbréfi eða samningi og er óháð annarri starfsemi félagsins.

Aðaláhersla innri endurskoðunar er að meta hvort innra eftirlit í daglegri starfsemi sé í fullnægjandi horfi þannig að:

- Áhætta sé greind með fullnægjandi hætti og henni stjórnað.
- Mikilvægar upplýsingar séu nákvæmar, áreiðanlegar og víðeigandi.
- Gjörðir starfsmanna samræmist stefnu og verklagsreglum.
- Verðmæta sé gætt, þau nýtt og þeirra aflað með sem hagkvæmustum hætti.
- Markmiðum sé náð og áætlanir standist.
- Stöðugt gæða- og umbótastarf sé samþætt eðlilegri starfsemi.
- Farið sé að lögum og reglum.

Ytri endurskoðun

Í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi og samþykktir VÍS er endurskoðunarfélag fyrirtækisins kosið á aðalfundi. Endurskoðunarfélag VÍS skal jafnan hafa aðgang að öllum gögnum og skjölum félagsins en um framkvæmd vísast nánar til laga um vátryggingastarfsemi og laga um ársreikninga. KPMG ehf. var kosið endurskoðunarfélag VÍS til fimm ára á aðalfundi félagsins þann 7. mars 2013 og endurkjörið á aðalfundi félagsins þann 13. mars 2014.

Stjórn

Á hluthafafundi 30. maí 2013 var eftirtalin stjórn kjörin og hefur verið þannig skipuð síðan:



Formaður stjórnar

Nafn: Friðrik Hallbjörn Karlsson. Hallbjörn á óbeint hluti í VÍS gegnum eignarhald sitt í einkahlutafélagi sem á 5,23% hlut í VÍS. Um er að ræða Hagamel ehf. Hagamelur telst ekki stór hluthafi. Hallbjörn á einnig 0,008% hlut í VÍS með beinum hætti. Hallbjörn telst miðað við framangreint óháður stjórnarmaður. Hagamelur á einnig 1,32% í Tryggingamiðstöðinni hf. Starfsreglur stjórnar VÍS fjalla um hvernig tekið er á hagsmunatengslum stjórnarmanna við samkeppnisaðila félagsins

Fæðingardagur: 18. mars 1966.

Starfsstöð: VÍS, Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Menntun: B.Sc. í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands 1990, M.Sc. í vélaverkfræði frá Stanford University 1993 og MBA frá INSEAD í Frakklandi 2000.

Fyrst kjörinn: 30. maí 2013.

Stjórnarseta Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Vattarnes ehf. (formaður stjórnar og framkvæmdastjóri), Hagamelur ehf. (meðstjórnandi og framkvæmdastjóri), Vogabakki ehf. (meðstjórnandi) og Valka ehf. (varamaður), Trappa ehf. (varamaður).

Starfsreynsla: Störf tengd eigin fjárfestingum. Einn af aðaleigendum Húsasmiðjunnar hf. 2002-2005 og sat í stjórn þess félags. Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings hf. 2001-2002, Marel Seattle Inc. 1996-1999 og Marel hf. 1993-1996.



Varaformaður stjórnar

Nafn: Guðrún Þorgeirsdóttir. Hún á 0,0038% hlut í VÍS. Guðrún er óháður stjórnarmaður.

Fæðingardagur: 8. september 1979.

Starfsstöð: VÍS, Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Menntun: B.Sc. í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 2003, MBA frá HEC School of Management 2005. Löggiltur verðbréfamiðlari 2012.

Fyrst kjörin: 8. desember 2010.

Stjórnarseta: Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Líftryggingafélag Íslands hf. (varaformaður stjórnar).

Starfsreynsla: Skeljungur hf., framkvæmdastjóri fjármálasviðs frá 2014, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunarsviðs frá 2013-2014, Klakki ehf., fjárfestingastjóri 2010-2013, framkvæmdastjóri áhættustýringar 2006-2010, áhættustýring Kaupþings banka hf. 2001-2003, ýmis stjórnarstörf í fjármála-, og verslunar- og þjónustufyrirtækjum.



Stjórnarmaður

Nafn: Helga Jónsdóttir. Hún á 0,0025% í VÍS. Helga er óháður stjórnarmaður,

Fæðingardagur: 23. desember 1967.

Starfsstöð: VÍS, Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Menntun: Cand. jur. í lögfræði frá Háskóla Íslands 1992, héraðsdómslögmannsréttindi 1995.

Fyrst kjörin: 8. desember 2010.

Stjórnarseta: Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Fríhöfnin ehf. (stjórnarformaður), Líftryggingafélag Íslands hf. (varamaður) og Algrím ehf. (meðstjórnandi).

Starfsreynsla: Stofnun og rekstur Silfurbergs sveitahótelis 2013-2014. Lögfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF) 2008-2010, lögfræðingur hjá Sjónvá-Almennum tryggingum hf. 1997-2007, fulltrúi á lögmannsstofu Ingimundar Einarssonar hrl. 1994-1997, framkvæmdastjóri Lögfræðingafélags Íslands 1993-1995, lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu 1992-1993.



Stjórnarmaður

Nafn: Steinar Þór Guðgeirsson. Hann á óbeint hluti í VÍS gegnum eignarhald sitt í einkahlutafélagi sem á 0,8% hlut í VÍS. Um er að ræða Íscap ehf. Íscap telst ekki stór hluthafi og Steinar því óháður stjórnarmaður.

Fæðingardagur: 19. ágúst 1971.

Starfsstöð: VÍS, Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Menntun: Cand. jur. í lögfræði frá Háskóla Íslands 1997, héraðsdómslögmannsréttindi 1998 og hæstaréttarlögmannsréttindi 2004.

Fyrst kjörinn: 30. maí 2013.

Stjórnarseta: Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Íslög ehf (meðstjórnandi), Hilda ehf. (meðstjórnandi), M8 ehf. (varamaður).

Starfsreynsla: Lögmaður og eigandi Íslaga lögmannsstofu ehf. frá 2012, ráðgjafi og eigandi í Íscap ehf. frá 2012, formaður skilanefndar Kaupþings banka hf. 2008-2012, lögmaður og eigandi Lögfræðistofu Reykjavíkur 1999-2011 og þar af sem faglegur framkvæmdastjóri 2001-2009, ýmis stjórnunarstörf skráðra og óskráðra félaga á Íslandi og erlendis.



Stjórnarmaður

Nafn: Ásta Dís Óladóttir. Hún er óháður stjórnarmaður.

Fæðingardagur: 4. desember 1972.

Starfsstöð: VÍS, Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Menntun: BA próf í félagsfræði frá Háskóla Íslands 1999, Msc í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands 2001 og Ph.D í alþjóðaviðskiptum, 2010 frá Viðskipta-háskólanum í Kaupmannahöfn.

Fyrst kjörin: 30. maí 2013.

Stjórnarseta: Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram):

Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri T-30 slf. Framkvæmdastjóri hjá Fríhöfninni ehf. 2010-2014, dósent og forseti Viðskiptadeildar við Háskólann á Bifröst (2007-2010), stundakennari við Copenhagen Business School og Háskólann í Reykjavík (2005-2010), framkvæmdastjóri Heilsuverndarstöðvarinnar (2004-2007), framkvæmdastjóri FVH (2000).



Forstjóri

Nafn: Sigrún Ragna Ólafsdóttir. Hún á 0,2% hlut í VÍS.

Fæðingardagur: 18. ágúst 1963.

Starfsstöð: VÍS, Ármúla 3, 105 Reykjavík.

Menntun: Cand. Oecon frá Háskóla Íslands árið 1987, löggiltur endurskoðandi árið 1990. MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2007.

Stjórnarseta: Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Múlaberg ehf. (stjórnarmaður), Viðskiptaráð Íslands (varaformaður), Samtök fjármálafyrirtækja (meðstjórnandi), Samtök atvinnulífsins (meðstjórnandi), Menntasjóður Viðskiptaráðs Íslands ses. (varaformaður).

Starfsreynsla: Forstjóri VÍS og Lífis frá september 2011. Hún var framkvæmdastjóri fjármála-sviðs Íslandsbanka frá 2010, framkvæmdastjóri Fjármála og reksturs hjá Íslandsbanka frá stofnun hans í október 2008, forstöðumaður fjárhagssviðs Glitnis banka frá 2007, endurskoðandi hjá Deloitte og forverum þess frá 1986 og eigandi frá 1992 til 2007.

Ársreikningur 2014

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samstæðureikningur Vátryggingafélags Íslands hf. („félagið“ eða „VÍS“) fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við alþjóðlega reiknings-skilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingastarfsemi og fjárfestingum. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess Líftryggingafélags Íslands hf. sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“.

Rekstur

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður samstæðunnar á árinu 2014 1.710 milljónum króna (2013 nam hagnaðurinn 2.154 milljónum króna). Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 46.466 (2013: 46.368) milljónum króna og bókfært eigið fé nam í árslok 15.956 (2013 16.624) milljónum króna. Á árinu 2014 var meðalfjöldi stöðugilda 195 hjá félaginu (2013: 210).

Hlutfé og samþykktir

Skráð hlutfé félagsins nam í lok ársins 2.502 milljónum króna og er hver hlutur í félaginu ein króna að nafnverði. Hlutféð er í einum flokki sem skráður er á Nasdaq OMX Nordic Exchange. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda.

Félagið keypti eigin hluti á árinu 2014 í samræmi við endurkaupaáætlanir félagsins. Þann 13. maí 2014 var sett af stað fyrri endurkaupaáætlunin en samkvæmt henni voru keyptir 55 milljón hlutir sem greiddar voru 463 milljónir króna fyrir og lauk þeirri áætlun 21. nóvember 2014. Þann 28. nóvember 2014 var síðan tilkynnt um nýja endurkaupaáætlun um að kaupa allt að 55 milljón hluti til viðbótar fyrir að hámarki 500 milljónir króna. Á árinu 2014 keypti félagið alls 64 milljón hluti fyrir 547 milljónir króna. Nú hefur félagið keypt alls 73 milljón hluti sem það hefur samtals greitt 631 milljón króna fyrir og á félagið í dag 2,93% hlutafjár. Framkvæmd endurkaupaáætlunar lýkur á aðalfundardegi félagsins 2015.

Hluthafar voru 1.303 í ársbyrjun og 1.067 í árslok:

Tíu stærstu hluthafar í árslok voru:

Nafn hluthafa	Eignarhlutur
Lífeyrissjóður verslunarmanna	9,9%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	9,7%
Stefnir - ÍS 15	6,8%
Gildi lífeyrissjóður	6,1%
Hagamelur ehf.	5,4%
Stapi lífeyrissjóður	3,7%
Virðing safnreikningur.	3,6%
SNV Holding ehf.	3,1%
Stefnir - ÍS 5	2,8%
Steinunn Margrét Tómasdóttir.	2,5%

Stjórn félagsins mun á aðalfundi leggja til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur kr. 1,03 á hlut fyrir árið 2014. Heildarfjárhæð arðsins er um 2.500 milljónir króna. Að öðru leyti er vísað í ársreikninginn um breytingar á eigin fé samstæðunnar og ráðstöfun hagnaðar.

Stjórnarhætti

Um stjórnarhætti vátryggingafélaga er fjallað í lögum um vátryggingastarfsemi, lögum um hlutafélög, samþykktum og starfsreglum stjórnar félagsins. VÍS hefur fylgt framangreindu en auk þess telur stjórn VÍS stjórnarhætti félagsins í samræmi við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja að því undanskildu að stjórn hefur ekki skipað sérstaka tilnefningarnefnd. Í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og lög um ársreikninga hefur stjórn félagsins útbúið stjórnarháttayfirlýsingu sem birt verður í ársskýrslu félagsins og sem fylgirit með ársreikningi.

Ný vátryggingalöggjöf

Félagið vinnur að innleiðingu á væntanlegri vátryggingalöggjöf, Solvency II, sem er samræmd á Evrópska efnahagssvæðinu og tekur gildi frá og með 1. janúar 2016. Löggjöfin felur meðal annars í sér umtalsverða breytingu á því hvernig áhætta í starfsemi vátryggingafélaga er mæld og hvernig gjaldþol og gjaldþolskrafa eru ákvörðuð. Gjaldþolskrafan er áhættumíðað mat á þeirri áhættu sem felst í rekstri félagsins, vátryggingastofni og eignasafni. Meginbreyting á reiknuðu gjaldþoli eftir Solvency II felst í að staða vátryggingaskuldar umfram varfærnislegt mat telst til gjaldþols þó að fráðregnum tekjusköttum. Þetta hefur í för með sér að gjaldþol félagsins reiknast hærra samkvæmt Solency II en samkvæmt gildandi reglum. Félagið hefur reiknað gjaldþol og gjaldþolskröfu

miðað við árslok 2014 og nemur gjaldþol samkvæmt Solvency II 15,0 milljörðum króna, gjaldþolskrafan er 9,1 milljarður króna og gjaldþolshlutfallið 1,65. Í útreikningunum er gert ráð fyrir arðgreiðslu á árinu 2015 að fjárhæð 2,5 milljörðum króna. Þessi útreikningur miðast jafnframt við þær forsendur og upplýsingar sem liggja fyrir um væntanlega löggjöf.

Útlánaáhætta er áhætta sem felst í því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar og samstæðan tapi á fjáreignum sínum. Stjórnendur samstæðunnar fylgjast reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhöttu.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:

	31.12.2014	31.12.2013
Markaðsskuldabréf, lánsþæfismat AA +	0	350.614
Markaðsskuldabréf, lánsþæfismat BBB -	6.394.262	8.303.817
Markaðsskuldabréf, lánsþæfismat BB+/B+	3.160.283	0
Markaðsskuldabréf, lánsþæfismat BB/B	364.121	8.479.088
Markaðsskuldabréf, lánsþæfismat BB-/B-	6.037.430	0
Fjáreignir haldið til gjalddaga BBB -	2.700.199	2.680.472
Fjáreignir haldið til gjalddaga BB/B	0	1.608.399
Fjáreignir haldið til gjalddaga BB-/B-	1.584.639	0
Önnur markaðsverðbréf	4.559.785	7.113.101
Veðlán og önnur útlán	93.145	191.067
Viðskiptakröfur	5.283.955	4.925.815
Kröfur á endurtryggjendur	4.851	42.316
Aðrar kröfur	1.540.480	994.059
Handbært fé	1.399.904	2.661.796
	33.123.052	37.350.543

Hámarksútlánaáhætta samstæðunnar er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

26.8 Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á að samstæðan hafi ekki yfir nægum lausum fjármunum að ráða eða geti ekki selt eignir í tæka tíð til að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum þegar við á.

Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur hafa. Sérstök áhersla er lögð á að til sé laust fé til að mæta þeim hluta tjónaskuldar sem væntanlegur er til greiðslu hverju sinni sem og öðrum skuldum. Laust fé samstæðunnar dugar mjög vel til þess að standa straum af væntu fjárútsreyrmi.

Vænt sjóðflæði skulda, án vaxta, greinist þannig:

31.12.2014	Innan eins árs	2016	2017+	Samtals
Tjónaskuld	10.118.508	5.823.354	6.176.666	22.118.528
Viðskiptaskuldir og aðrar skammt.sk.	1.327.605	0	0	1.327.605
31.12.2013	Innan eins árs	2015	2016 +	Samtals
Tjónaskuld	9.980.043	5.622.098	6.107.684	21.709.825
Viðskiptaskuldir og aðrar skammt.sk.	895.548	0	0	895.548

26.9 Vátryggingaáhætta

Vátryggingaáhætta er áhættan sem felst í því að iðgjöld sem innheimt eru hjá vátryggingatökum dugi ekki til að mæta þeim skuldbindingum sem leiða af gerðum vátryggingasamningum.

Helstu þættir vátryggingaáhattu eru tjónatíðniáhætta, tjónsfjárhæðaáhætta, endurtryggjendaáhætta og vátrygginga-skuldaráhætta. Hér á eftir verður gerð nánar grein fyrir þessum áhættuþáttum og birtar ýmsar kennistærðir til skýringar.

26.10 Tjónatíðniáhætta

Tjónatíðniáhætta er hættan á að fjöldi tjóna í einhverri váttryggingagrein eða af einhverri gerð verði meiri en ætlað var og gert er ráð fyrir í iðgjaldagrundvelli viðkomandi greina.

Stjórnendur fylgjast náið með tjónatíðni í hverri grein, einkum í tryggingum á einkamarkaði svo sem ökutækjetryggingum, húseigendatryggingum og heimilistryggingum þar sem váttryggingatakar eru margir og tjónatíðni er frekar há. Leitast er við að greina hugsanlega áhættubreytingu og gera viðeigandi ráðstafanir tímanlega. Það dregur úr tjónatíðniáhattu samstæðunnar að dreifa váttryggingaáhattunni sem mest milli greina og svæða. Samstæðan er með starfsemi í öllum greinaflokkum skaðatrygginga og er með öflugt dreifikerfi um allt land, auk lítils háttar starfsemi erlendis. Eftirfarandi tafla sýnir vægi einstakra greinaflokka í iðgjöldum.

Flokkar váttrygginga - Iðgjöld ársins

	2014		2013	
Eignatryggingar	3.749.378	23,4%	3.927.673	24,4%
Sjó- og farmtryggingar	413.350	2,6%	500.013	3,1%
Lögboðnar ökutækjetryggingar	5.081.807	31,7%	5.056.837	31,4%
Aðrar ökutækjetryggingar	2.199.861	13,7%	2.197.283	13,7%
Ábyrgðartryggingar	881.650	5,5%	896.422	5,6%
Slysa- og sjúkratryggingar	1.579.272	9,9%	1.514.154	9,4%
Líf- og heilsutryggingar	923.523	5,8%	848.316	5,3%
Endurtryggingar	1.193.961	7,4%	1.149.341	7,1%
	16.022.802	100,0%	16.090.039	100,0%

Innlend og erlend starfsemi - Iðgjöld ársins

Innlend starfsemi	14.826.718	92,5%	14.939.733	92,9%
Erlend starfsemi	1.196.084	7,5%	1.150.307	7,1%
	16.022.802	100,0%	16.090.039	100,0%

26.11 Tjónafjárhæðaáhætta

Tjónafjárhæðaáhætta er hættan á að tjónsfjárhæðir verði að meðaltali hærri en ætlað var eða hæstu tjónsfjárhæðir hærri eða stórtjón verði fleiri en ætlað var.

Flest tjón eru lítil. Tíðni tjóna minnkar eftir því sem tjónsfjárhæðin vex, upp í miðlungstjón, stórtjón og stórtjónaatburði eða hamfarir þar sem ýmsar váttryggingagreinar og margir váttryggingatakar geta átt hlut að máli. Til að draga úr tjónafjárhæðaáhattu endurtryggir samstæðan sig. Að teknu tilliti til fjárhagslegrar stöðu sinnar útbýr samstæðan endurtryggingastefnu þar sem kveðið er á um hve mikla áhættu hún er tilbúin til að taka í eigin hlut og með hvaða hætti hún endurtryggir sig. Með endurtryggingum er dregið mjög úr tjónafjárhæðaáhattu, en við það myndast önnur áhætta, endurbyggjendaáhætta.

26.12 Váttryggingaskuldaráhætta

Váttryggingaskuldaráhætta er hættan á að óúppgerð tjón eða önnur framtíðaráhætta sem tengist váttryggingastofninum sé vanmetin.

Váttryggingaskuldin skiptist í iðgjaldaskuld og tjónaskuld. Iðgjaldaskuldin er áætluð skuldbinding vegna gildandi váttryggingasamninga fram að næstu endurnýjun þeirra. Tjónaskuld er áætluð skuldbinding vegna orðinna óúppgerðra tjóna bæði þeirra sem hafa verið tilkynnt samstæðunni og einnig vegna þeirra tjóna sem hafa orðið en hafa ekki enn verið tilkynnt til samstæðunnar. Styrkur váttryggingaskuldar, líkleg fjárhæð skuldbindinga og öryggi, er metinn með tölfræðilegum aðferðum.

Næmigreining

Taflan sýnir hvaða áhrif 1% breyting á tjón4fjárhæðum, tjónaskuld og iðgjöldum hafa á afkomu og eigið fé samstæðunnar.

	2014	2013
Tjónafjárhæðir	96.950	93.301
Tjónaskuld	166.581	163.296
Iðgjöld miðað við óbreytt tjóna- og kostnaðarhlutföll	9.858	13.436

26.13 Endurtryggjendaáhætta

Endurtryggjendaáhætta er hættan á að endurtryggjendur greiði ekki sinn hlut í tjónsatburðum. Mörg ár getur tekið að gera upp tjónaatburði. Á þeim tíma getur fjárhagsleg staða endurtryggjenda breyst á þann veg að þeir geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Í endurtryggingastefnu samstæðunnar er kveðið á um að endurtryggjendur hennar skuli hafa öryggismat frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og sett eru mörk á hve mikla áhættu samstæðan endurtryggir hjá einum endurtryggjanda. Kröfur um öryggismat endurtryggjenda fara eftir áætluðum uppgjörstíma tjóna í viðkomandi samningi, en fjöldi endurtryggjenda á samningi og hámark áhættu hjá einum endurtryggjanda tekur auk þess mið af öryggismati þeirra. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu iðgjalda til endurtryggjenda eftir öryggismati þeirra árið 2014 og áætlaða skiptingu árið 2015.

	2015	2014
AA+	5,7%	5,9%
AA-	77,7%	75,4%
A+	10,9%	12,9%
A	0,8%	1,6%
A-	4,9%	4,2%
	100,0%	100,0%

26.14 Samsett hlutfall og rekstrarhlutfall

Samsett hlutfall sýnir samanlagðan tjónakostnað, rekstrarkostnað og endurtryggingakostnað sem hlutfall af iðgjöldum ársins. Rekstrarhlutfall er hlutfall kostnaðarliða af iðgjöldum ársins að viðbættum fjárfestingatekjum og öðrum tekjum af váttryggingarekstri.

Eftirfarandi tafla sýnir samsett hlutfall, rekstrarhlutfall og aðrar helstu lykiltölur váttryggingarekstrar síðastliðin fimm ár. Lífís varð hluti af samstæðunni 1. apríl 2012.

	2014	2013	2012	2011	2010
Eigið tjónahlutfall	78,6%	75,5%	75,6%	83,0%	80,3%
Tjónahlutfall	76,7%	78,7%	73,6%	82,1%	80,5%
Rekstrarkostnaðarhlutfall	21,4%	21,4%	21,6%	20,9%	21,1%
Endurtryggingakostnaðarhlutfall	2,6%	-2,3%	3,3%	3,1%	2,7%
Samsett hlutfall	100,7%	97,8%	98,5%	106,1%	104,3%
Fjárfestingatekna hlutfall	7,4%	7,3%	6,8%	5,9%	7,6%
Hlutfall annarra tekna af váttryggingarekstri	1,0%	1,0%	0,8%	0,7%	0,7%
Rekstrarhlutfall	92,9%	90,3%	91,6%	99,5%	96,3%

27. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar, eða félög í þeirra eigu, sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint. Tengdir aðilar eru fyrrum móðurfélag, stórir hluthafar, stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda stjórnar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra, sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Gerð er grein fyrir launum og hlunnindum stjórnenda í skýringu 10.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

2014	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Tengd félög	16.352	26.821	16.601	0
Stjórn og lykilstarfsmenn	3.633	737	437	0
	19.986	27.557	17.037	0

2013	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Tengd félög	38.232	33.906	27.460	0
Stjórn og lykilstarfsmenn	3.657	2.523	838	0
	41.890	36.429	28.298	0

28. Ábyrgðir og önnur mál

Samstæðan hefur gert húsaleigusamninga á ýmsum stöðum á landinu. Greiðslubyrði samstæðunnar vegna húsaleigusamninga eru í árslok 2014 18 milljónir króna á mánuði og heildar skuldbindingin er 602 milljónir króna. Samningar þessir eru tímabundnir leigusamningar og gilda til 2017 - 2019.

Samkvæmt samningum þessum eru leigugreiðslur næsta árs 211 milljónir króna, á árum 2016-2019 eru þær 391 milljón króna.

Greidd leiga vegna þessara samninga á árinu 2014 var 212 milljónir króna og á árinu 2013 var hún 206 milljónir króna.

Stefna slitastjórnar SPRON

Slitastjórn SPRON höfðaði mál með stefnu á hendur VÍS þann 19. júlí 2012 þar sem m.a er krafist riftunar á endurgreiðslu SPRON þann 31. október 2008 á peningamarkaðsláni sem VÍS veitti SPRON í september 2008. Félagið skilaði greinargerð í málinu þann 15. janúar 2013 og er það í þinglegri meðferð hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. Fjárhæð kröfunnar frá slitastjórn SPRON nemur 2 milljörðum króna auk dráttarvaxta. Óvíst er hvenær dómsniðurstaða mun liggja fyrir og kann dráttur á niðurstöðu dómstóla að hafa áhrif á endanlega fjárhæð kröfu slitastjórnar SPRON þar sem ekki er ljóst hvort og þá fyrir hvaða tímabil dráttarvextir reiknast ef kemur til þess að dómur falli VÍS í óhag. Aftur á móti, miðað við dómafordæmi og ákvæði vaxtalaga má ætla að meiri líkur en minni séu á því að upphafstími dráttarvaxta myndi taka mið af því tímamarki er dómsmálið var höfðað, þ.e. frá 19. júlí 2012.

Þann 4. nóvember 2014 krafðist SPRON þess að málinu yrði frestað þar til niðurstaða fengist í mál ákærvaldsins gegn fyrrverandi stjórnarmönnum og forstjóra SPRON (sakamálið). Hæstiréttur Íslands kvað upp dóm þann 8. janúar 2015 þess efnis að málinu yrði frestað þar til fyrir lægi niðurstaða héraðsdóms í sakamálinu. Ekki er unnið að rannsókn á vegum sérstaks saksóknara sem beinist að félaginu sjálfu eða núverandi eða fyrrverandi stjórnendum þess. Með þessum dómi Hæstaréttar eykst óvissa um þann tíma sem líða mun þar til málinu lýkur.

Stjórnendur félagsins telja málatilbúnað slitastjórnar byggðan á veikum grunni og telja að meiri líkur en minni séu á að félagið verði sýknað af kröfu slitastjórnarinnar. Af þeim sökum hefur ekki verið færð varúðarfærsla í ársreikningi samstæðunnar. Í því skyni að draga úr óvissu um áhrif ofangreinds dómsmáls á virði hlutabréfa VÍS og eiginfjárstöðu félagsins, skuldbatt Klakki ehf. sig í tengslum við hlutafjárútbod í apríl 2013 til áskriftar að B-hlutum að verðmæti allt að 3,5 milljarðar króna (án atkvæðis- og arðsréttar) komi til þess að dómsmálið falli VÍS í óhag. B-hlutirnir munu þá verða innleystir af VÍS innan 12 mánaða frá útgáfu þeirra á grunni endurheimta kröfu á hendur SPRON, söluandvirði hennar eða afhendingar kröfu til Klakka fyrir 1 kr. ef hvorugt af framangreindu liggur fyrir. Fyrir liggur bankaábyrgð að fjárhæð 3,5 milljarðar króna til tryggingar á efndum Klakka ehf. á framangreindri áskrift.

29. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á ársreikningnum.

30. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum af öllum félögum í samstæðunni. Samstæðan hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem gilda fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2014, Evrópusambandið hefur staðfest og eiga við um starfsemi hennar. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast eftir 1. janúar 2014, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil samstæðunnar hafa ekki verið metin.

30.1 Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar innifelur ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Samstæðan fer með yfirráð þegar hún ber áhættu eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi af hlutdeild sinni í félagi og getur haft áhrif á arðsemina vegna yfirráða sinna. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalín í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Rekstrarniðurstaða keyþra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með yfirtökudegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Í samstæðureikningnum eru birtar tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og því er viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til samræmis við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Þegar eignarhald móðurfélags á dótturfélagi er minna en 100% er færð hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

30.2 Dótturfélög

Kaup á dótturfélögum eru færð samkvæmt kaupaðferð. Samkvæmt kaupaðferð eru eignir, skuldir og eiginfjárgæringar útgefnir af samstæðunni, sem látnu eru í skiptum fyrir yfirráð í keyptu félagi, metnar til gangvirðis á yfirtökudegi. Kostnaður tengdur kaupunum er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Ef kaupin fela í sér óvissa greiðslu er eignin eða skuldin sem tengist kaupunum metin á gangvirði á kaupdegi. Síðari breytingar á gangvirði slíkra eigna og skulda eru færðar til jöfnunar á kostnaði tengdum kaupunum þar sem þær uppfylla skilyrði um leiðréttingu á tímabilinu. Allar aðrar síðari breytingar á gangvirði óvissra eigna og skulda eru færðar í samræmi við viðeigandi staðla. Ekki eru færðar breytingar á óvissum greiðslum flokkuðum meðal eigin fjár.

30.3 Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast við sameiningar er færð til eignar þann dag sem félagið nær yfirráðum í keyptu félagi. Viðskiptavild er mismunur á kaupverði dótturfélags og hlutdeild í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á yfirtökudegi. Viðskiptavild er ekki afskrifuð heldur metin árlega með tilliti til virðisrýrnunar eða oftar ef vísbendingar eru um virðisrýrnun. Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs er viðskiptavildinni skipt niður á fjárskapandi einingar. Þær fjárskapandi einingar sem viðskiptavildinni hefur verið úthlutað á eru prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og ef bókfært verð er hærra en virði þeirra hefur virðisrýrnun átt sér stað. Hafi virðisrýrnun átt sér stað er viðskiptavild fyrst færð niður og síðan aðrar eignir sem tilheyra viðkomandi einingu. Óheimilt er að bakfæra áður færða virðisrýrnun viðskiptavildar á síðari tímabilum.

30.4 Viðskiptasambönd

Viðskiptasambönd sem urðu til við yfirtöku á rekstri, eru afskrifuð á áætluðum nýtingartíma, 10 árum.

30.5 Tekjur

Iðgjöld

Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrra ári en að frádregnum iðgjöldum til næsta árs sem færast sem iðgjaldaskuld. Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar váttryggingaáhættu sem ekki er útrunninn.

Arður og vaxtatekjur

Arður af fjárfestingum er tekjufærður á þeim degi sem arðsréttur hefur stofnast.

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

30.6 Gjöld af váttryggingastarfsemi

Gjaldfærð tjón í rekstrarreikningi eru tjón sem urðu á árinu ásamt endurmati tjóna vegna fyrri ára. Tjónaskuld í efnahagsreikningi er heildarfjárhæð tilkynnta úppgerðra tjóna auk tryggingafræðilegrar áætlunar fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum.

30.7 Váttryggingasamningar

Félagið gefur út samninga sem flytja bæði váttryggingalega og fjármáalega áhættu frá viðskiptavinum til þess.

Skilgreining váttryggingasamninga

Með váttryggingasamningi tekur váttryggjandinn að sér að bæta váttryggðum fjárhagslegar afleiðingar váttryggingaatburðar sem kveðið er á um í váttryggingaskilmálum.

Váttryggingaatburðurinn er óviss, ekki er vitað hvort hann verður eða hvenær og oftast er ekki vitað hverjar fjárhagslegar afleiðingar hans verða ef til hans kemur.

Flokkun váttrygginga

Váttryggingasamningar sem teljast til skaðatrygginga eru á sviði ábyrgðartrygginga, slysatrygginga og eignatrygginga, þar með talið sjó- og farmtryggingar.

Ábyrgðartryggingar vernda viðskiptavininn félagsins gegn þeirri áhættu að valda þriðja aðila fjárhagslegu tjóni eða afleiddu tjóni vegna lögmætrar starfsemi.

Slysatryggingar bæta váttryggðum eigin skaða í samræmi við skilmála.

Eignatryggingar greiða bætur til viðskiptavina samstæðunnar vegna tjóns eða taps á eignum. Viðskiptavinir í atvinnurekstri geta einnig átt kröfu um bætur vegna tapaðs hagnaðar verði hinar tryggðu eignir fyrir tjóni, þannig að atvinnureksturinn dragist saman eða falli niður tímabundið.

Líftryggingar taka til mannlegs lífs, til dæmis dauða og þess að lifa út váttryggingatímann. Iðgjöld teljast til tekna á því tímabili sem váttryggingasamningurinn gildir og bætur eru gjaldfærðar á því tímabili sem tjónið verður.

Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka

Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka eru fjáreignir í eigu félagsins sem váttryggingatakar í söfnunarlíftryggingum hafa valið og bera fjárfestingaráhættu af samkvæmt skilmálum söfnunarlíftrygginga. Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka er skuldbinding félagsins gagnvart váttryggingatökunum að sömu fjárhæð.

Vátryggingaskuld

Samstæðan metur í lok reikningsárs hvort tilfærð vátryggingaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar samstæðunnar vegna gerðra vátryggingasamninga með því að meta framtíðar fjárflæði vátryggingaskuldar. Allar breytingar á vátryggingaskuldinni koma fram í rekstrarreikningi. Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar.

Endurtryggingasamningar

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu samstæðunnar. Endurtryggingasamningar eru ýmist hlutfallslegir eða bera alla áhættu fari tjónsatburður umfram fyrirfram umsamda tjónsfjárhæð.

Kröfur á endurtryggjendur vegna iðgjalda og tjóna eru færðar sem endurtrygginga eignir. Þar er um að ræða kröfur vegna hlutdeildar þeirra í tjónum samkvæmt endurtryggðum vátryggingasamningum og hlutdeild í iðgjaldaskuld. Skuldbindingar vegna endurtrygginga eru hlutdeild þeirra í iðgjöldum vegna endurtryggingasamninga sem gjaldfærð er í rekstrarreikningi við endurnýjun endurtryggingasamninga.

30.8 Erlendir gjaldmiðlar

Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

30.9 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

30.10 Tekjuskattur

Gjaldfærðir tekjuskattar samanstanda af tekjusköttum til greiðslu og frestuðum tekjusköttum.

Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattar til greiðslu eru tekjuskattar sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjusköttum til greiðslu vegna fyrri ára. Skattskyldur hagnaður er að jafnaði annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaðir tekjuskattar miðast við gildandi skatthlutföll á reikningsskiladegi.

Frestaður tekjuskattur

Frestaðir tekjuskattar stafa af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattsstofn samstæðunnar er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil hennar. Frestaðir tekjuskattar eru ekki færðir vegna viðskiptavildar sem ekki er skattalega frádráttarbær. Frestaðir tekjuskattar miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Skatteign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Frestaðir tekjuskattar eru gjaldfærðir í rekstrarreikningi nema þegar þeir tengjast liðum sem færðir eru beint á eigið fé en þá eru þeir einnig færðir þar.

30.11 Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Rekstrarfjármunir eru færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnun. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Rekstrarfjármunir eru færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega.

Hagnaður vegna sölu rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

30.12 Hugbúnaður

Hugbúnaður er eignfærður á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð hugbúnaðar samanstendur af kaupverði hans og öllum beinum kostnaði við að koma honum í notkun. Hugbúnaður er afskrifaður línulega á 3 til 10 árum frá því hann er tekinn í notkun.

30.13 Fjáreignir

Fjáreignir samstæðunnar skiptast í fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, fjáreignir haldið til gjalddaga og lán og kröfur. Fjáreignir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald að teknu tilliti til viðskiptakostnaðar þegar um er að ræða fjármálagerninga sem ekki eru færðir á gangvirði eftir upphaflega skráningu. Eftir upphaflega skráningu eru fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning færðar á gangvirði en fjáreignir haldið til gjalddaga og lán og kröfur eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði í samræmi við aðferð virkra vaxta.

Fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga eru færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði á viðskiptadegi þegar samstæðan hefur gert samning um afhendingu eða móttöku fjáreigna innan tiltekins tíma. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á gangvirði.

Gangvirði er verð í venjubundnum viðskiptum með eign eða skuld á matsdegi. Nánar tiltekið er gangvirði eigna það verð sem fengist við sölu eigna en gangvirði skulda það verð sem greitt væri fyrir yfirfærslu skuldar í hefðbundnum viðskiptum markaðsaðila.

Virkir vextir

Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjáreignir eru flokkaðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning þegar tilgangurinn er að hagnast á skammtímabreytingum. Sama á við um allar aðrar fjáreignir sem samstæðan tilgreinir á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Gangvirðisbreyting fjárfestinga í verðbréfum samanstendur af breytingum á gangvirði, arðstekjum, vaxtatekjum og verðbótum

Fjáreign, má tilgreina sem fjáreign á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- Fjáreignin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við skráða stefnu samstæðunnar við áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- Fjáreignin er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og heimilt er að allur samsetti fjármálagerningurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Fjárfestingar til gjalddaga

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjárfestingar til gjalddaga þegar samstæðan á fjárfestingar í skuldabréfum, og hefur fyrirætlanir og getu til að eiga til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Lán og kröfur

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkuð sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti.

Virðisrýrnun fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð fjáreigna, annarra en fjáreigna á gangvirði gegnum rekstrarreikning, metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun. Virðisrýrnun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýrnun á ekki lengur við er hún bakfærð, þó aldrei umfram áður færða lækkun.

Eignasafn fjáreigna er metið til virðisrýrnunar ef einstakar eignir eru þess eðlis að þær verði ekki metnar hver fyrir sig.

Áður gjaldfærð virðisrýrnun eiginfjárgerninga er ekki bakfærð í rekstrarreikning. Hækkun á gangvirði eftir að virðisrýrnun hefur verið gjaldfærð er færð á meðal eigin fjár.

Á hverjum uppgjörssdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Fjáreign telst hafa rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að atburður hafi átt sér stað, eftir upphaflega skráningu eignarinnar, sem leiðir til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið og hægt er að meta áhrif atburðarins með áreiðanlegum hætti.

Við mat á virðisrýrnun einstakra flokka fjáreigna styðst félagið við sögulega reynslu af slíkum eignum, þá dagsetningu sem hægt væri að endurheimta tapið og fjárhæð taps, með tilliti til mats stjórnenda á hvort núverandi efnahags- og lánasamstæður leiði til að tapið verði í raun hærra eða lægra en söguleg reynsla segir til um.

Afskráning fjáreigna

Samstæðan afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annan aðila.

30.14 Virðisrýrnun

Á reikningsskiladegi fara stjórnendur yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna í þeim tilgangi að kanna hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

Óefnislegar eignir með óskilgreindan endingartíma og óefnislegar eignir sem eru ekki tilbúnar til notkunar eru á hverju ári prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og oftast ef vísbending er um virðisrýrnun.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færist í rekstrarreikning. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

30.15 Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er talið að til greiðslu komi og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Fjárhæð skuldbindingar er byggð á besta mögulega mati á skuldinni sem er fyrirbyggjandi á reikningsskiladegi. Ef skuldbindingin er metin út frá áætluðu framtíðarsjóðstreymi er hún færð miðað við núvirt áætlað sjóðstreymi.

Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er fjárhæð hennar færð til eignar.

30.16 Fjárskuldir og eiginfjárgerningar

Flokkun í skuldir og eigið fé

Skuldir og eiginfjárgerningar eru flokkaðir sem fjárskuldir eða eigið fé, eftir eðli samnings.

Eiginfjárgerningur er hvers konar samningur sem felur í sér eftirstæða hagsmuni í eignum félags eftir að allar skuldir hans hafa verið dregnar frá.

Ábyrgðarskuldbindingar

Ábyrgðarskuldbindingar vegna fjárskulda eru upphaflega færðar á gangvirði. Við síðara mat eru aðrar ábyrgðarskuldbindingar, en þær sem flokkaðar eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning, færðar við því sem hærra reynist:

- fjárhæð undirliggjandi skuldar sem metin er í samræmi við IAS 37 - *Skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*
- fjárhæð upphaflegs samnings að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum í samræmi við reglur um skráningu tekna.

Fjárskuldir

Fjárskuldir samstæðunnar samanstanda af viðskiptaskuldum og öðrum skuldum. Fjárskuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði og eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar samstæðunnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

31. Ársfjórðungayfirlit (óendurskoðað)

	Samtals 2014	1F2014	2F2014	3F2014	4F2014
Iðgjöld tímabilsins	16.022.802	3.860.541	3.920.632	4.071.947	4.169.682
Eigin iðgjöld	15.420.013	3.700.083	3.773.016	3.916.771	4.030.143
Fjárfestingatekjur	2.438.958	170.899	492.375	763.214	1.012.470
Aðrar tekjur	163.429	47.311	36.527	34.519	45.072
Heildartekjur	18.022.400	3.918.292	4.301.918	4.714.505	5.087.685
Tjón tímabilsins	(12.296.578)	(2.973.618)	(2.811.277)	(3.268.884)	(3.242.799)
Eigin tjón	(12.118.691)	(2.938.414)	(2.783.851)	(3.203.569)	(3.192.857)
Rekstrarkostnaður	(3.918.914)	(1.000.708)	(993.859)	(944.538)	(979.809)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna og vaxtagjöld	(31.070)	(7.075)	(5.635)	(14.657)	(3.703)
Hagnaður fyrir tekjuskatta	1.953.725	(27.904)	518.573	551.741	911.316
Tekjuskattar	(243.705)	13.874	(53.614)	(96.837)	(107.128)
Heildarhagnaður tímabilsins	1.710.020	(14.030)	464.959	454.904	804.188

31. Ársfjórðungayfirlit (óendurskoðað frh)

	Samtals 2013	1F2013	2F2013	3F2013	4F2013
Iðgjöld tímabilsins	16.090.039	4.024.493	3.946.406	4.058.015	4.061.125
Eigin iðgjöld	15.447.269	3.877.660	3.774.860	3.888.610	3.906.139
Fjárfestingatekjur	2.630.729	975.890	398.274	1.082.663	173.902
Aðrar tekjur	154.782	34.116	46.758	33.639	40.269
Heildartekjur	18.232.781	4.887.666	4.219.892	5.004.912	4.120.310
Tjón tímabilsins	(12.667.260)	(3.037.960)	(2.798.874)	(2.897.967)	(3.932.459)
Eigin tjón	(11.662.627)	(3.020.704)	(2.763.851)	(2.868.117)	(3.009.955)
Rekstrarkostnaður	(3.934.148)	(999.412)	(978.392)	(932.571)	(1.023.774)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna og vaxtagjöld	(80.228)	(38.394)	(21.823)	(19.660)	(351)
Hagnaður fyrir tekjuskatta	2.555.778	829.157	455.826	1.184.564	86.230
Tekjuskattar	(401.732)	(118.178)	(72.381)	(235.773)	24.600
Heildarhagnaður tímabilsins	2.154.046	710.978	383.445	948.791	110.831

32. Lykilhlutföll (óendurskoðað)

	Samtals 2014	1F2014	2F2014	3F2014	4F2014
Tjónahlutfall	76,7%	77,0%	71,7%	80,3%	77,8%
Eigið tjónahlutfall	78,6%	79,4%	73,8%	81,8%	79,2%
Rekstrarkostnaðarlutfall	21,4%	22,7%	22,1%	20,2%	20,5%
Endurtryggingakostnaðarlutfall	2,6%	3,2%	3,1%	2,2%	2,0%
Samsett hlutfall	100,7%	102,9%	96,9%	102,7%	100,4%
Gjaldþolshlutfall samstæðu	3,1	3,7	3,7	3,8	3,1
Gjaldþolshlutfall móðurfélags	4,0	4,8	4,9	4,9	4,0

	Samtals 2013	1F2013	2F2013	3F2013	4F2013
Tjónahlutfall	78,7%	75,5%	70,9%	71,4%	96,8%
Eigið tjónahlutfall	75,5%	77,9%	73,2%	73,8%	77,1%
Rekstrarkostnaðarlutfall	21,4%	21,7%	21,7%	20,1%	22,0%
Endurtryggingakostnaðarlutfall	-2,3%	3,2%	3,5%	3,4%	-18,9%
Samsett hlutfall	97,8%	100,4%	96,1%	94,9%	100,0%
Gjaldþolshlutfall samstæðu	3,7	3,9	4,0	4,2	3,7
Gjaldþolshlutfall móðurfélags	4,8	5,1	5,2	5,4	4,8

33. Þróun tjónaskuldar (óendurskoðað)

Taflan sýnir mat samstæðunnar á endanlegri fjárhæð tjóna hvers tjónsárs og hvernig það mat hefur þróast milli ára. Þróun milli ára gefur til kynna hæfni samstæðunnar til ákvarða skuldbindingar sínar vegna váttryggingasamninga. Hafa ber í huga að fjárhæðir eru ekki færðar til fasts verðlags og því hafa verðlagsbreytingar nokkur áhrif á þróun milli ára. Í neðri töflunni, tjón í eigin hlut, hefur hlutur endurtryggjenda verið dreginn frá þeim fjárhæðum sem birtar eru í efri töflunni. Tölur eru breyttar frá síðasta ársreikningi.

Heildarfjárhæðir í millj. kr.

Mat á endanlegum tjónakostnaði	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	Samtals
Í lok tjónsárs	7.964	9.379	11.158	11.732	12.197	12.966	14.117	12.644	12.230	13.539	
einu ári síðar	8.042	9.153	11.310	12.643	12.334	12.168	14.390	13.974	12.741		
tveimur árum síðar	7.817	9.394	11.574	12.562	12.736	12.091	13.921	13.142			
þremur árum síðar	7.885	9.143	11.164	12.201	12.338	11.767	13.226				
fjórum árum síðar	7.363	9.011	11.074	12.172	12.227	11.745					
fimm árum síðar	7.241	9.082	11.091	12.208	12.106						
sex árum síðar	7.207	9.056	11.112	12.148							
sjö árum síðar	7.257	9.127	11.112								
átta árum síðar	7.222	9.112									
níu árum síðar	7.231										
Mat á uppsöfnuðum tjónum í árslok 2014	7.231	9.112	11.112	12.148	12.106	11.745	13.226	13.142	12.741	13.539	
Uppsafnaðar greiðslur í árslok 2014	7.075	8.850	11.870	11.718	11.771	10.847	11.235	9.196	7.341	5.302	
Tjónaskuld í árslok 2014	156	263	242	430	335	898	1.991	3.947	5.401	8.237	21.899
Tjónaskuld vegna fyrri ára											220
Tjónaskuld samtals											22.119

Tjón í eigin hlut í millj. kr.

Mat á endanlegum tjónakostnaði	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	Samtals
Í lok tjónsárs	7.474	8.656	10.828	11.599	12.110	12.676	13.941	12.359	12.096	13.322	
einu ári síðar	7.489	8.440	10.898	12.448	12.211	11.958	14.205	12.850	12.602		
tveimur árum síðar	7.286	8.631	11.179	12.376	12.620	11.842	13.738	12.014			
þremur árum síðar	7.330	8.321	10.780	12.025	12.224	11.529	13.036				
fjórum árum síðar	6.809	8.158	10.692	11.991	12.111	11.561					
fimm árum síðar	6.682	8.270	10.709	12.028	11.992						
sex árum síðar	6.648	8.244	10.720	11.966							
sjö árum síðar	6.697	8.276	10.721								
átta árum síðar	6.667	8.262									
níu árum síðar	6.677										
Mat á uppsöfnuðum tjónum í árslok 2014	6.677	8.262	10.721	11.966	11.992	11.561	13.036	12.014	12.602	13.322	
Uppsafnaðar greiðslur í árslok 2014	6.521	8.074	10.499	11.540	11.657	10.678	11.114	9.057	7.214	5.180	
Tjónaskuld í árslok 2013	156	188	222	426	335	883	1.922	2.957	5.387	8.142	20.618
Tjónaskuld vegna fyrri ára											204
Tjónaskuld samtals											20.823

Tjón í hlut í endurtryggjenda

Greitt + tjónaskuld	555	851	391	181	114	184	190	1.128	140	217	
Greitt	555	776	371	178	114	168	121	139	127	122	
Tjónaskuld	0	75	20	4	0	16	69	990	13	95	1.281
Tjónaskuld vegna fyrri ára											15
Tjónaskuld samtals											1.296

Orðskýringar

Arðsemi eigin fjár

Bókfærð iðgjöld

Eigið fé

Eigið tjónahlutfall

Eigin iðgjöld

Eigin tjón

Eigin váttryggingaskuld

Eiginfjárlutfall

Endurtryggingaeignir

Endurtryggingakostnaðarlutfall

Endurtryggingakostnaður

Fjárfestingatekjur af váttryggingarekstri

Gjaldþol

Gjaldþolshlutfall

Handbært fé

Iðgjaldaskuld

Iðgjöld ársins

Kostnaðarlutfall

Lágmarks gjaldþol

Óráðstafað eigið fé

Rekstrarhlutfall

Rekstrarkostnaðarlutfall

Samsett hlutfall

Tjón ársins

Tjónahlutfall

Tjónaskuld

Váttryggingaskuld

Hagnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigin fjár

Útgefin iðgjöld á árinu

Eignir umfram skuldir

Eigin tjón á móti eigin iðgjöldum

Iðgjöld ársins að fráðregnum hluta endurtryggjenda

Tjón ársins að fráðregnum hluta endurtryggjenda

Váttryggingaskuld að fráðregnum hluta endurtryggjenda

Eigið fé á móti heildar eignum

Hlutur endurtryggjenda í tjónaskuld og iðgjaldaskuld ásamt kröfum vegna endurtryggingastarfsemi

Kostnaður vegna endurtrygginga sem hlutfall af iðgjöldum ársins

Iðgjöld til endurtryggjenda að fráðregnum hluta endurtryggjenda

í tjónum og fengnum umboðslaunum frá endurtryggjendum

Reiknuð ávöxtun af eigin váttryggingaskuld

Eigið fé að fráðregnum væntanlegum arðgreiðslum, óefnislegum eignum og fyrirsjáanlegri rýrnun eigin fjár

Gjaldþol sem hlutfall af lágmarksgjaldþoli

Sjóður og óbundnar bankainnstæður

Iðgjöld vegna áhættu sem ekki er útrunnin

Iðgjöld vegna áhættu sem tilheyrir uppgjörssárinu

Kostnaður sem hlutfall af iðgjöldum ársins

Lágmarkskröfur um gjaldþol skv. lögum um váttryggingastarfsemi

Uppsafnaður óráðstafaður hagnaður fyrri ára

Tjón, endurtryggingakostnaður og rekstrarkostnaður vegna váttryggingastarfsemi, sem hlutfall af iðgjöldum ársins að viðbættum fjárfestingatekjum af váttryggingarekstri

Rekstrarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum ársins

Tjón, endurtryggingakostnaður og rekstrarkostnaður vegna váttryggingastarfsemi, sem hlutfall af iðgjöldum ársins

Greidd tjón að viðbætti breytingu á tjónaskuld

Tjón ársins á móti iðgjöldum ársins

Áætluð ógreidd tjón í lok uppgjörstímabils

Heildarskuldbindingar vegna gerðra váttryggingasamninga, þ.e. tjónaskuld ásamt iðgjaldaskuld

